



Háskólinn
á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið

Nútímafræði

2011

„Allir litir nema bleikur“

Viðhorf sex ára barna til kynjahlutverka

Elínborg Sigurðardóttir og Sigrún Magnúsdóttir

Lokaverkefni á hug- og félagsvísindasviði



Háskólinn
á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið

Nútímafræði

2011

„Allir litir nema bleikur“

Viðhorf sex ára barna til kynjahlutverka

Elínborg Sigurðardóttir og Sigrún Magnúsdóttir

Lokaverkefni til 180 eininga B.A.-prófs við hug- og félagsvísindasvið

Yfirlýsing

Við lýsum hér með yfir að við einar erum höfundar þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna

Elínborg Sigurðardóttir

Sigrún Magnúsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs á hug- og félagsvísindasviði

Jón Haukur Ingimundarson

Útdráttur

Síðastliðin ár hafa orðið framfarir í lagasetningum er varða jafnréttismál á Íslandi. Sem dæmi má nefna lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna (10/2008) en í 23. grein laganna er kveðið á um að nemendur skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum. Lög um launajöfnuð kvenna og karla (60/1961) hafa verið í gildi í hálfu öld án þess að takmarki þeirra hafi verið náð og því má velta fyrir sér framtíð nýlega settra laga.

Í þessari rannsókn eru viðhorf sex ára barna til kynjahlutverka og framtíðarstarfa skoðuð. Tilgangurinn er að kanna hvort þörf sé fyrir jafnréttisfræðslu og kynningu á almennri kynjafræði á öllum skólastigum. Rannsóknin byggir á stuttum viðtölum við börn í elsta árgangi í fjórum leikskólum í sveitarfélagi á landsbyggðinni og notast var við eigindlega rannsóknaraðferð. Tekin voru viðtöl við fimmtíu og sex börn sem og verkefnisstjóra jafnréttisverkefnis í leikskólanum Lundarseli. Veitt er innsýn í fræðilegt efni í fyrstu fimm köflum ritgerðarinnar en rannsókninni sjálfri er gert skil í tveimur köflum

Helstu niðurstöður sýna að félagsleg áhrif eru búin að móta skoðanir barna þó nokkuð á þessum aldri og má greina töluverðan kynjamun. Nauðsynlegt er að hefja starfsfræðslu strax í leikskóla ef breyta á rótgrónum hugmyndum eða staðalmyndum varðandi störf og starfsval til að auka meðvitund og auðvelda börnum að fara sínar eigin leiðir, óháð kyni.

Abstract

In Iceland, some progress has been made in recent years in the legal sphere regarding gender equality. Act nr. 10/2008 on equal-rights and equal opportunities for men and women is a good example. Article 23 of the Act states that in all stages of education, students must be educated on equal rights. Act nr. 60/1961 was supposed to level the gender difference in wages. However, half a century later that aim has not yet been achieved and the future achievements of recently enacted legislation on equal rights remain to be seen.

This research focuses on the disposition of six year old children towards gender roles and future employment. The aim is to determine whether more emphasis on equal-rights and gender roles is needed in the earliest stages of education. The research is qualitative and is based on short interviews with the oldest children in four preschools in a rural community in Iceland. Interviews were conducted with fifty-six children and the project manager for an equal-rights project in Lundarsel preschool. The first five chapters focus on scholarly discussions on gender issues and the next two chapters are dedicated to the research itself.

The research's main conclusions are that children's views have already at that age been shaped considerably by social influences and there is considerable gender-difference. In order to change established, stereotypical, gender-based ideas about jobs and employment opportunities and to empower children to make their own conscious decisions regardless of gender, it is imperative to start educating children on future employment opportunities at kindergarten level.

Þakkarorð

Leiðbeinandi þessa verkefnis var Jón Haukur Ingimundarson dósent við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri og kunnum við honum kærar þakkir fyrir aðstoðina. Hann hvatti okkur til að skoða viðfangsefnið með opnum huga og sú hvatning var okkur mikils virði við vinnslu verkefnisins. Við viljum einnig þakka öllum hressu krökkunum sem voru meira en tilbúin til að leggja okkur lið með því að svara spurningum okkar. Að lokum viljum við þakka Rannveigu Magnúsdóttur, Hólmfríði Erlu Finnsdóttur og Hjalta Ómari Ágústssyni, fyrir að lesa ritgerðina yfir fyrir okkur og gefa okkur gagnlegar ábendingar.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 3 |
| 1. Réttindabarátta íslenskra kvenna – Konur sækja fram | 5 |
| 1.1. Konur í stjórnámálum | 6 |
| 1.2. Konur og menntun..... | 7 |
| 1.3. Konur og atvinnulífið | 8 |
| 1.4. Samþætting vinnu og heimilis | 9 |
| 2. Jafnréttisbárátta í kreppu – Bakslag | 11 |
| 2.1. Bakslag | 11 |
| 2.2. Er það furða? | 12 |
| 3. Jafnréttisfræðsla – Hvað ungur nemur, gamall temur | 13 |
| 3.1. Lög og skólanámskrár | 14 |
| 3.2. Af hverju er jafnréttisfræðsla mikilvæg?..... | 15 |
| 3.3. Mikilvægi kynjafræði- og jafnréttismenntunar kennara..... | 16 |
| 4. Jafnréttisfræðsla í mótun – Mennt er máttur | 18 |
| 4.1. Hjallastefnan..... | 18 |
| 4.2. Jafnréttisstofa | 19 |
| 5. Starfsferilþróun – Lengi býr að fyrstu gerð..... | 21 |
| 5.1. Kynfesti | 21 |
| 5.2. Starfsferilþróun hefst..... | 22 |
| 5.3. Umhverfið | 24 |
| 6. Eigindleg frumrannsókn höfunda..... | 26 |
| 6.1. Eigindleg aðferð | 26 |
| 6.2. Viðtöl og gagnaöflun | 26 |
| 7. Niðurstaða, greining og túlkun gagna | 28 |
| 7.1. Föt og hár | 28 |
| 7.2. Uppáhaldslitir | 29 |

| | |
|--|----|
| 7.3. Uppáhaldsleikfang og/eða –leikur..... | 32 |
| 7.4. Heimilisstörf – matseld | 35 |
| 7.5. Bestu vinir og vinkonur | 39 |
| 7.6. Mat á eigin hæfileikum | 42 |
| 7.7. Draumastarfið..... | 44 |
| 8. Umræða | 49 |
| Heimildaskrá | 53 |

Inngangur

Í öllum samfélögum eru bæði skráðar og óskráðar reglur sem mannfólkið þarf að fylgja til að sambúð þess gangi nokkuð áfallalítið fyrir sig. Í uppvextinum er okkur kennt hvernig við eigum að haga okkur samkvæmt reglum sem mótaðar eru af menningu og siðvenjum hvers samfélags. Þar sem manneskjan hefur sterkan vilja til að fara eftir hefðum og reglum er oft erfitt að brjóta upp ríkjandi hugmyndakerfi, sem er í senn forsenda og hindrun félagslegra breytinga.

Ríkjandi hugmyndir um mannlegt eðli karla og kvenna er eitt af því sem viðheldur ójafnrétti á milli kynjanna. „Eðlishyggja er kenning sem skýrir kynjamismun með því að hann sé áskapaður og eðlislægur. Þeir sem aðhyllast eðlishyggju telja að kynin séu andstæður sem búi yfir ólíkum tilfinningum og sálfræðilegum eiginleikum“ (Arna. H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2005: 241).

Femínistar, sem komu fram á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, höfnuðu öllum hugmyndum um eðli kynjanna. Þeir töldu að kynjamunur væri félagslegt sköpunarverk sem fjölskylda, vinir, fjölmiðlar, skólakerfi og vinnumarkaður tekur þátt í að móta (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2000). Út frá þessari femínísku hugmyndafræði langaði okkur til að kafa frekar í kynjahlutverkin og reyna að varpa ljósi á hlutverk samfélagsins í mótun þeirra.

Mikinn áhuga okkar á kynjahlutverkunum og stöðu kynjanna í samfélaginu má rekja til námskeiða sem við tókum sem valfög við Háskólann á Akureyri, námskeiða sem bera yfirskriftirnar mannfræðileg greining og kynjafræði. Lesefni og umræður þessara námskeiða fékk okkur til að skoða jafnrétti í nútímasamfélagi út frá nýjum sjónarhornum. Jafnframt eigum við báðar börn á leikskólaaldri og urðu þessir þættir kveikjan að því að við völdum þetta viðfangsefni og ákváðum að vinna þessa rannsókn.

Rannsóknin var unnin sem B.A.verkefni í nútímafræði við Háskólann á Akureyri og er vægi hennar 12 einingar. Hún byggir á viðtölum við börn í elsta árgangi í fjórum leikskólum á landsbyggðinni og fór fram vorið 2011. Með rannsókninni var leitast við að skyggjast inn í heim barnanna, skoða viðhorf þeirra til kynjahlutverka og framtíðarstarfa og komast að niðurstöðu með aðferðum eigindlegra rannsókna. Þetta er allt gert með jafnréttisfræðslu í forgrunni, hvort frekari þörf sé fyrir hana og almenna kynjafræði á öllum skólastigum til að auka meðvitund og auðvelda börnum að fara sínar eigin leiðir, óháð kyni. En hvað er kynjafræði?

Upphaf kynjafræðinnar má finna í jafnréttisbaráttu kvenna upp úr sjöunda áratug síðustu aldar en þá varð til fræðigreinin sem í fyrstu var kölluð kvennafræði og fjallaði um áhrif kynferðis á líf kvenna. Í dag kallast greinin kynjafræði og fæst í meginráttum við að „útskýra valdatengsl kynjanna“ (Þórdís Þórðardóttir, 2005:33). Í kynjafræði eru notuð hugtökin kyn (*sex*) og kyngervi (*gender*), þar sem kyn vísar til líffræðilegs kyns en kyngervi til þess félagslega og menningarlega hlutverks sem samfélagið gerir ráð fyrir að kynin fari eftir (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2000). Önnur hugtök sem kynjafræðin fæst við eru karlmennska og kvenleiki en þau lýsa hugmyndum fólks um æskilega hegðun kynjanna (Þórdís Þórðardóttir, 2005:35) en þau verða útskýrð síðar.

Körlum og konum er sífellt stillt upp sem andstæðum þörum og eru staðalímyndir notaðar þar til styrkingar. Vitaskuld eru kynin líffræðilega ólík en það er ekki eingöngu mótun í móðurkviði sem skapar manneskjuna heldur hefur félagsleg mótun mikil áhrif á hana (Sóley Stefánsdóttir, 2000:44). Carrie Paechter, prófessor í kennslufræðum, segir:

Sá greinarmunur sem gerður er á milli kynjanna er algjört grundvallaratriði varðandi það hvernig við lítum á okkur sem manneskjur. Sá munur stjórnar því hvernig komið er fram við einstaklinga, hvaða hlutverki þeir gegna í samfélaginu og hvernig búast má við að þeim líði og hvernig þeir haga sér [lausleg þýðing höfunda] (Paechter, 2007:6).

Paechter telur að það sé komið ólíkt fram við kynin strax frá fæðingu og í gegnum ólíka upplifun læri einstaklingar að hegða sér eins og gert sé ráð fyrir, sem annaðhvort kona eða karl (Paechter, 2007:6-7). Þorgerður Þorvaldsdóttir (2000), sagn- og kynjafræðingur, er á sama máli og segir að við fæðumst kvenkyns eða karlkyns en það sé hins vegar samfélagið sem geri okkur að konu eða karli (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2000). Samkvæmt Margréti Pálu Ólafsdóttur (1998), höfundi Hjallastefnunnar (nánar verður fjallað um Hjallastefnuna síðar í ritgerðinni) hafa börn lært um tveggja ára aldur hvaða væntingar samfélagið geri til þeirra og haga sér samkvæmt þeim. Þá eiga strákar að vera „sterkir, stórir, fljótir, harðgerir og hávaðasamir“ og stelpur „duglegar, sætar, fínar, hjálpsamar og hljóðlátar“ (Margrét Pála Ólafsdóttir, 1998:65). Börn þreifa sig áfram í hegðunarmynstrinu með því að horfa spyrjandi til fullorðinna hvort þau séu að gera rétt. Þannig leita þau samþykkis og mótast inn í viðurkennt samfélagsnorm (Sóley Stefánsdóttir, 2000:44). Félagslegar mótunarkenningar eru breytilegar eftir samfélögum og tímabilum en þær leitast við að „útskýra félagslegan raunveruleika“ en eðlishyggjan, sem byggir á óbreytanlegum líffræðilegum mun kynjanna, leitar að „orsökum kynjamismunar“ (Þórdís Þórðardóttir, 2005:40).

Orðin karlmennska og kvenleiki spila stórt hlutverk í staðalímyndum kynjanna en þau hugtök lýsa þeim væntingum sem samfélagið gerir til kvenna og karla um útlit þeirra og hegðun (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2000). Karlmennska er gjarnan tengd við völd og meinta líkamlega yfirburði karla ásamt aga, rökvísi, skynsemi, virkni og dugnaði. Kvenleiki felur í sér valdaleysi og veikleika ásamt tilfinningasemi, samskiptahæfni, tjáningarpörf og óvirkni og er það sem greinir konur frá körlum (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2004:58; Sóley Stefánsdóttir, 2000:45). Viðhorf eðlishyggjunnar eru orðin að þrástefi í samfélaginu og hafa notið mikilla vinsælda í bókum og leikritum sem viðheldur stöðu karla og kvenna í samfélaginu (Sóley Stefánsdóttir, 2000:45-47). Karlmennska og kvenleiki eru ekki metin á sama hátt en tilhneiging hefur verið til að setja hið karllæga á hærra stöðu en hið kvenlæga (Þórdís Þórðardóttir, 2005:36).

Í vestrænu menningarsamfélagi eru sterkar kröfur gerðar til karlmennsku stráka og meiri þrýstingur er á þá heldur en stelpurnar um að þeir hagi sér samkvæmt staðalímyndum síns kyns. Það þykir ekkert tiltökumál þegar stelpur leika sér eins og strákar en óæskilegt þykir að strákar leiki sér eins og stelpur. Það að stelpur eigi greiðari aðgang yfir þennan kynjaþröskuld telja sumir stafa af skynjun barnanna á virðingarmun kynjanna í samfélaginu (Sólveig Karvelsdóttir, 2005:87). Börn læra staðalímyndir fyrst á ómeðvitaðan hátt heima fyrir en fara síðar að taka eftir skilaboðum í gegnum ýmsar gerðir fjölmiðla. Staðalímyndir eru oft byggðar á fordómum og geta komið í veg fyrir að fólk njóti jafnaðar og réttlætis í samfélaginu (Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna og námsgagnastofnun, 2007).

Fullorðnir þurfa að vera meðvitaðir um það efni sem börn lesa, skoða eða horfa á. Hér er eitt lítið dæmi úr Vísnaþók barnanna þar sem staðalímyndir eru notaðar bæði í mynd og texta en þar má lesa: „Úr hverju eru óþekkir strákar? Úr hverju eru óþekkir strákar? Þeir eru úr hundsrófum, sniglum og snákum. Þetta er efnið í óþekktum strákum“. Einnig má lesa vísur um stelpur í bókinni en þar er að finna vísu sem hljóðar svona: „Úr hverju eru ljúfar, litlar stúlkur? Úr hverju eru ljúfar, litlar stúlkur? Þær eru úr heiðri og þær eru úr sóma og svo eru þær líka úr sykri og rjóma“ (Vísnaþók barnanna, 1999:42-43). Út úr þessum stuttu vísu má lesa sterk skilaboð um kynjamun og staðalímyndir. Ef ætlunin er að afnema neikvæðar staðalímyndir þá þarf að leggja mikla áherslu á jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

1. Réttindabarátta íslenskra kvenna – Konur sækja fram

Samkvæmt úttekt Alþjóðaefnahagsráðsins (*World Economic Forum*) árið 2010 er jafnrétti kynjanna hvergi talið meira en á Íslandi. Það er annað árið í röð sem við verum fyrsta sætið

á þessum lista en frá árinu 2006 til 2008 vorum við í fjórða sæti. Löndin sem koma á eftir okkur á listanum eru Noregur í öðru sæti og Finnland í því þriðja. Styrkur Íslendinga liggur í greiðum og jöfnum aðgangi að menntun og heilsugæslu auk þátttöku beggja kynja í efnahagslífinu, en það er helst bætt staða kvenna í stjórnámálum sem hefur ýtt Íslendingum á topp listans (Hausmann, R., Tyson, L. D. og Zahidi, S., 2010:159). Veikleiki okkar liggur í vinnumarkaðnum þar sem launamunur kynjanna er enn umtalsverður og staða kvenna í áhrifastöðum töluvert lakari en karla (Jafnréttisstofa, 2009:3).

Í þessum kafla verður stuttlega farið yfir réttindabaráttu íslenskra kvenna og stöðu þeirra í íslensku samfélagi í dag. Fjallað verður um konur í stjórnámálum, stöðu þeirra í menntámálum og atvinnulífinu og að lokum samþættingu vinnu og heimilis.

1.1. Konur í stjórnámálum

Samkvæmt fornum lögum Grágásar, lagaskrá okkar Íslendinga frá þjóðveldisöld, voru konur þess tíma mjög rétháar í þjóðfélaginu, greiddu skatta og sáu fyrir fjölskyldum og fátækum. Þær nutu mikillar verndar og sem dæmi um það má nefna að „ef karlmaður reyndi að kyssa konu gegn vilja hennar, gat legið við fjörbaugsgarður“ (Erla Þórðardóttir, 1985:117) en það samsvaraði þriggja ára útleið og var refsing fyrir það sem flokkaðist undir alvarleg brot (Íslensk alfræðiorðabók A-G, 1990). Samkvæmt fornum lögum var valdsvið eiginkonunnar heimilið og allt sem því fylgdi. En aukin áhrif kristinnar kirkju á Íslandi dró úr jafnrétti kynjanna og við giftingu urðu konur hluti af eignum karlsins (Erla Þórðardóttir, 1985: 118).

Í lok 19. aldar fóru konur að spyrna við fótum svo tekið var eftir og talað er um að þá hafi kvenréttindabaráttan hafist á Íslandi. Með gífurlegum breytingum á búsetu- og atvinnuháttum Íslendinga breyttust áherslurnar í þjóðfélaginu. Kröfur um jafnt aðgengi kynjanna að menntun virðast hafa hrint af stað skipulagðri kvenréttindahreyfingu og árið 1894 var *hið íslenska kvenfélag* stofnað 1894 (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997:162). Frá aldamótunum 1900 hlutu íslenskar konur svo borgaraleg réttindi í áföngum og var sá mikilvægasti lög um kosningarétt kvenna til Alþingis sem sett voru árið 1915 (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997:159).

Konur buðu í fyrsta sinn fram sérstakan lista til kosninga árið 1907 í kjölfar samþykktar laga um kosningarétt giftra kvenna til bæjarstjórnar í Hafnarfirði og Reykjavík. Þær unnu kosningasigur og fengu fjóra bæjarfulltrúa kjörna af fimmtán, fleiri en nokkur annar listi. Árið 1911 staðfesti konungur frumvarp, sem samþykkt hafði verið á þingi með miklum

meirihluta, er kvað á um jafnan rétt kvenna og karla til náms í öllum menntastofnunum landsins, til námsstyrkja og embætta (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997:161).

Árið 1922 buðu konur fram sérstakan kvennalista til Alþingiskosninga og hlaut hann 22,4% atkvæða og fékk einn fulltrúa, Ingibjörgu H. Bjarnason, kjörinn. Einhverjir höfðu óttast að kosningaþátttaka kvenna myndi valda byltingu í íslensku stjórnmalalífi en konur höfðu þó hægara um sig en búist var við (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997:161-165). Fram til ársins 1971, þegar þrjár konur voru kjörnar á þing og hlutur kvenna fór upp í 5%, sat ýmist ein, tvær eða engin kona á þingi (Auður Styrkárðóttir, 2010). Á milli 1960 og 1980 fór af stað hin nýja kvannahreyfing. Á þessum árum fóru fram miklar umræður í heimi vísindanna og áhugi vaknaði á rannsóknum á konum og kynjamun. Í kjölfarið urðu kvennarannsóknir (*women's studies*) þekkt hugtak, femínisminn fór að fíkra sig inn í háskólana og hin róttæka Rauðsokkueyfing varð til á Íslandi (Þorgerður Einarsdóttir, 2004:207-209).

Ekki fór að bera á þátttöku kvenna í stjórnmalum að verulegu leyti fyrr en árið 1983 þegar kvennalisti bauð fram til Alþingis á ný og fékk þrjár konur kjörnar á þing (Auður Styrkárðóttir, 2010) og fór þá hlutfall kvenna úr 5% í 15% (Alþingi, e.d.). Í kjölfarið jókst hlutur kvenna í öðrum flokkum og eftir kosningar árið 2009 voru konur 43% þingmanna. Þátttaka kvenna í stjórnmalum hefur aukið umfjöllun á málefnum er snerta konur og börn auk þess sem málefni sem þykja viðkvæm, svo sem sífjaspell og heimilisofbeldi, hafa komið upp á yfirborðið (Auður Styrkárðóttir, 2010). Þetta bætta hlutfall kvenna í stjórnmalum er það sem helst á heiðurinn af því að við förum úr fjórða sæti lista Alþjóðaeftnahagsráðsins og í það fyrsta (Hausmann, R., Tyson, L.D., og Zahidi, S., 2010:159).

1.2. Konur og menntun

Einn af helstu styrkleikum Íslendinga er menntakerfið en nemendum hefur fjölgað mikið á æðri menntastigum hér á landi síðustu ár og áratugi. Skólaárið 2008-2009 brautskráðust rúmlega tvöfalt fleiri nemendur með háskólagráðu en skólaárið 1995-1996 eða 3.459 nemendur á móti 1.577 (Hagstofa Íslands, 2011b). Konur hafa körlum fremur verið að sækja í sig veðrið og hefur hlutfall þeirra aukist jafnt og þétt síðustu áratugi. Þær hafa nú forskot á karlanna á framhalds-, háskóla- og doktorsstigi (Hagstofa Íslands, 2011g). Konur voru töluvert færri en karlar í háskólum árið 1980 en árið 2008 var tala kvenkyns háskólastúdentanna komin yfir ellefu þúsund á meðan karlar voru tæplega sjö þúsund talsins (Jafnréttisstofa,

2010:3). Samkvæmt nýjustu tölum, frá því í apríl 2011, er nú metfjöldi doktorsnema við nám í Háskóla Íslands eða 554 talsins. Þar af eru 307 konur (Háskóli Íslands, 2011).

Víða er þó mikil kynjaskipting innan deilda háskólanna (Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004). Skólaárið 2007-2008 voru konur í miklum meirihluta brautskráðra nemenda af þeim námsbrautum sem tengjast þjónustu (75%), heilbrigði og velferð (88%) og menntun (83,5%). Á meðan voru karlar ríkjandi í fögum sem tengjast til dæmis verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerð (69%) og raunvísindum, stærðfræði og tölvunarfræði (60,5%) (Jafnréttisstofa, 2010:3).

1.3. Konur og atvinnulífið

Akkilesarhæll Íslendinga í jafnréttismálum er vinnumarkaðurinn. Völd kvenna eru í litlu samræmi við efnahags- og samfélagslega þátttöku þeirra utan heimilis (Þorgerður Einarsdóttir, 2004:200) en atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er með því hæsta sem þekktist í heiminum (Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004:249). Gífurlegar breytingar áttu sér stað á lífsháttum Íslendinga á 20. öld. Ein þessara breytinga var stóraukin þátttaka kvenna á vinnumarkaði innan þéttbýliskjarna sem fór fjölgandi.

Í kyrrestöðubjóðfélagi 19. aldar var verkaskipting kynjanna fastmótuð þar sem konan vann að mestu innandyra en karlinn sá um verkefnin sem féllu til utanhúss. Litið var á kynin sem jafnmikilvæga starfskrafta sem lögðu álíka mikið til búsinns (Guðrún Guðmundsdóttir, 1985:77). Fjölskyldan vann sameiginlega að framleiðslu fatnaðar og fæðis auk þess sem umönnun, uppfræðsla og afþreying fór fram inni á heimilinu (Erla Þórðardóttir, 1985:118). Með iðnbyltingunni gjörbreyttust aðstæður, vinnan færðist af heimilinu og karlar urðu fyrirvinna á meðan konur sáu alfarið um börn og bú. Ógiftar eða fátækar konur neyddust til að vinna utan heimilis en litið var svo á að skylda konunnar væri að vera húsmóðir, eiginkona og móðir. Þegar leið á öldina opnuðust ýmsir starfsmöguleikar fyrir ógiftar konur og viðurkennt var að þær þyrftu að geta haft sjálfstæða atvinnu. Samkvæmt „eðli“ þeirra urðu þær að velja sér starf innan síns verksviðs sem voru umönnunar, uppeldis- eða þjónustustörf en smám saman jukust möguleikar þeirra á að velja annars konar störf (Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2002:54-55). Það má því segja að ógiftar konur og/eða konur af lægri stéttum hafi rutt brautina í atvinnumálum kvenna.

Í kjölfar aukinnar iðnvæðingar varð meiri eftirspurn eftir vinnuafli sem gerði konum kleift að hverfa frá hefðbundnum heimilisstöfum og taka þátt í launaðri vinnu. Árið 1920 var atvinnuþátttaka kvenna komin upp í 35% og hélst hún fremur stöðug allt fram á sjöunda

áratuginn en þá jókst hún mikið og hefur haldið áfram að aukast upp frá því. Árið 1971 var hún komin upp í rúmlega 50% og árið 1981 í 65%. Konur héldu áfram að flykkjast út á vinnumarkaðinn og árið 2003 var þátttaka þeirra á vinnumarkaðnum kominn upp í 78% en það sama ár var atvinnuþátttaka karla 86% (Konur og karlar, 2004:36). Síðan hafa tölurnar haldist fremur stöðugar. Árið 2010 voru 77,6% atvinnubærra kvenna á vinnumarkaði og 84,5% karla (Hagstofa Íslands, 2011a) og er Ísland því með mestu atvinnuþátttöku beggja kynja miðað við önnur OECD ríki (Arnaldur Sölvi Kristjánsson, Auðunn Arnórsson o.fl., 2009:20-21).

Konur hafa alla tíð þurft að berjast gegn hugmyndum eðlishyggju, að konum sé til dæmis eðlislægt og jafnvel nauðsynlegt að sinna umönnunarstörfum. Barátta þeirra fyrir bættum kjörum á vinnumarkaði var erfiðari en barátta karlanna og á fyrstu árum verkalýðshreyfingarinnar var oft vísað í ofangreint eðli kvenna. Þau störf sem konur helst sinntu, eins og starf hjúkrunarkvenna, litu menn á sem köllun en ekki starf: „[...] uppskeran hvíldi fyrst og fremst í höndum himnaföðurins en ekki hjá launagreiðendum,“ (Margrét Guðmundsdóttir, 2010:160-162). Þess ber að geta að sama átti ekki við um karlastéttir á borð við presta og lækna og var þetta viðhorf mikill tálmi í baráttu kvenna fyrir bættum kjörum (Margrét Guðmundsdóttir, 2010:162).

Árið 1961 voru sett lög um launajöfnuð kvenna og karla (nr. 60/1961). Þrátt fyrir að þessi lög eigi fimmtíu ára afmæli nú í ár er enn launamunur kynjanna sem stendur jafnrétti helst fyrir þrífum. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu sem lagt var fram á sínum tíma segir meðal annars: „Sterkustu rökin fyrir launajafnrétti eru þau, að það er jafn kostnaðarsamt fyrir konur sem karla að lifa í þessu landi. Konur geta ekki búið við sömu lífskjör og karlar nema hafa sömu laun“ (Lög um launajöfnuð kvenna og karla nr. 60/1961). Meðaltal reglulegra mánaðarlauna fullvinnandi launafólks á almennum vinnumarkaði árið 2010 var alls 435.000 krónur hjá körlum og 355.000 krónur hjá konum (Hagstofa Íslands, 2011e). Það ber að hafa í huga að ekki er einungis um að ræða launamun kynjanna að jafnaði heldur eru viss starfssvið sem virðast meira metin en önnur (Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004) og viðheldur kynjaskipting á vinnumarkaði launamuni kynjanna og „tefur jafnréttisþróun og framþróun í atvinnulífi“ (Sif Einarsdóttir, 2005:118).

1.4. Samþætting vinnu og heimilis

Þessi mikla aukning á atvinnuþátttöku íslenskra kvenna hefur orðið til þess að átök hafa skapast milli vinnu og einkalífs, þar sem ábyrgð á heimilisstörfum og ummönnun barna

virðist hvíla meira á konum. Þrátt fyrir að konur axli meiri ábyrgð á heimilinu en karlar þá virðast þær setja fram þá ímynd að þær séu sjálfstæðar og að jafnrétti ríki meðal kynjanna. Karlmenn aftur á móti telja að þeir deili jafn mikilli ábyrgð á heimilisstörfum og umönnun barnanna þegar vísbendingar gefa annað til kynna. Gyða Margrét (2008) telur að bæði konur og karlar trúu því að þau geri jafn mikið af heimilisverkum þrátt fyrir að rannsókn hennar sýni að konur axli í raun meiri ábyrgð (Gyða Margrét Pálsdóttir, 2008:220).

Í annarri rannsókn sem gerð var árið 2008 á Íslandi var spurt um ábyrgð á heimilisstörfum og umönnun barna á heimilinu. Þar kom í ljós að konur telja sig bera meiri ábyrgð á heimilisstörfum en karlar í 46% tilvika á meðan 5% karla telja sig bera meiri ábyrgð en konur. Konur telja sig bera meiri ábyrgð á umönnun og eftirliti barna í 70% tilfella á móti rúmlega 7% karla (Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrunn Jónsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2008: 73-74). Samkvæmt þessum niðurstöðum bera konur enn mun meiri ábyrgð á heimilisstörfum og uppeldi barna þrátt fyrir stóraukna atvinnuþátttöku. Þess ber þó að geta að heildartíminn sem fer í heimilisstörf hefur minnkaði mikið með tilkomu aukinnar tækni eins og fram kemur hér á eftir.

Í rannsókn sem gerð var í Kanada og Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum kemur fram að kynjamunur er enn til staðar þegar kemur að heimilisstörfum en hann sé að minnka. Þrátt fyrir að hlutfallslega fleira fólk vinni við heimilisstörfin þá hefur tíminn sem varið er við heimilisstörf styst. Árið 1986 var 2,7 tímum á dag varið við heimilisstörf en 2,5 tímum árið 2005. Þessi þróun hefur orðið í kjölfar tækni-, vinnslu- og markaðsvæðingar, til dæmis með tilkomu uppþvottavéla og tilbúins matar, sem gerir það að verkum að fólk eyðir minni tíma í eldhúsinu en áður fyrr. Ein af aðalástæðum fyrir því að hlutfallslega fleiri vinna heimilisstörf nú en áður er sú að karlmenn hafa aukið þátt sinn í heimilisstörfum. Í daglegri þátttöku við almenn heimilisstörf (*core housework*) á borð við eldamennsku, uppvas, þrif og þvott hafa karlmenn aukið hlut sinn úr 40% í 59% á meðan konur hafa minnkað sinn hlut út 88% niður í 85% (Marshall, K., 2006). Í rannsókn sem unnin var nýlega voru tölur frá 2002, 2005 og 2010 bornar saman og kom þá í ljós að hlutur karla á Íslandi hefur aukist eftir efnahagshrunið sem varð haustið 2008. Skiptingin er þó enn ójöfn og munar þá mestu í skiptingu uppeldis og umönnun barna (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson, 2010).

2. Jafnréttisbarátta í kreppu – Bakslag

Hin síðari ár hefur orðið vart við bakslag í jafnréttismálum. Í þessum kafla verður fjallað stuttlega um nokkrar hliðar þess máls auk þess sem áhrif fjölmiðla eru gerð að umfjöllunarefni.

2.1. Bakslag

Í kjölfar mikilla breytinga á þjóðfélaginu, breyttum kynjahlutverkum og aukinni einstaklingshyggju virðist sem sumir telji að jafnrétti kynjanna hafi þegar verið náð (Þórdís Þórðardóttir, 2005:37). Þó sýna rannsóknir að vart hafi orðið við visst bakslag í jafnréttismálum. Þessi breyttu kynjahlutverk, aukin atvinnuþátttaka kvenna og sú staðreynd að karlar hafa ekki lengur hlutverk einu fyrirvinnu heimilisins, virðist valda því að strákar eru óöruggari um stöðu sína en stelpur. Í breskri rannsókn sem Þórdís Þórðardóttir fjallar um í grein sinni, *Hvers vegna á kynjafræði erindi í kennaramenntun?*, (2005) kom fram „tilhneiging til afturhvarfs frá kvenfrelshugmyndum hjá ungum breskum körlum“ (Þórdís Þórðardóttir, 2005:43). Þeir eru svartsýnni og innhverfari en ungar konur, hafna að hluta kvenfrelshugmyndum og laðast jafnvel að glæpum til að styrkja „viðkvæma karlmennskuímynd sína“ (Þórdís Þórðardóttir, 2005:44).

Vegna þeirrar miklu baráttu sem konur hafa háð síðustu áratugi er því stundum haldið fram að strákar hafi orðið útundan í orðræðunni og séu að dragast aftur úr í námi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004:55). Þeir eigi erfitt uppdráttar í skólakerfinu vegna öfgra kvenréttindabaráttunnar auk þess sem skólakerfið sé frekar sniðið að þörfum stelpna en stráka (Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2005:151) en strákar hafa dregist aftur úr stelpum á öllum skólastigum í 43 iðnríkjum heims, Íslandi þar með töldu (Anna G. Ólafsdóttir, 2003:10). Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) telur að það að femínistar séu ávítaðir fyrir slaka frammistöðu drengja í skólum sé bakslag í jafnréttisbaráttunni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004:47). Í upphafi 20. aldar fengu stelpur hins vegar minni hvatningu frá kennurum heldur en strákar þar sem þær höfðu lítinn möguleika á langskólanámi (Anna G. Ólafsdóttir, 2003:11). Í dag hafa stelpur hins vegar jafna möguleika og strákar til að mennta sig sem gæti útskýrt það stökk sem þær hafa tekið í námi.

Árið 2007 gerði Andrea Hjálmsdóttir rannsókn á viðhorfum nemenda 10. bekkjar til jafnréttis kynjanna. Var þar notast við niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal nemenda 10. bekkjar árið 2006 og voru svör nemendanna borin saman við svör jafnaldra þeirra frá 1992 og við svör einstaklinga á aldrinum 18 til 75 ára sem tóku þátt í jafnréttiskönnun Gallup

árið 2003. Þar kom fram að íhaldssemi meðal unglinga hefur aukist verulega þrátt fyrir að þeir séu nokkuð meðvitaðir um stöðu mála og séu ekki illa upplýstir. Andrea segir árganginn sem var 15-16 ára 1992 hafa haft „miklu jákvæðari viðhorf til jafnréttis en sá sem var 15-16 ára árið 2006 og talar um bakslag þegar kemur að viðhorfum þessara ungmenna til verkaskiptingar á heimilum (Andrea Hjálmsdóttir, 2007:39-46). Auk þessa kemur fram að ungmennin höfðu neikvæðara viðhorf til jafnréttismála en eldri kynslóðir (Andrea Hjálmsdóttir, 2007:iii) og sem dæmi má nefna að 24% fleiri unglingsstúlkur en fullorðnar konur telja kvenfólk hæfara til að annast barnaupveldi en karla (Andrea Hjálmsdóttir, 2007:27).

2.2. Er það furða?

Við lifum í heimi aukinnar markaðs- og einstaklingshyggju, heimi nýrra tækifæra (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005:11-16) og hér á landi hafa breytingarnar verið miklar og hraðar síðan um 1970 (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005:11). Börnin okkar alast upp í heimi þar sem markaðurinn ræður för og fjölmiðlar hika ekki við að miða herferðir sínar við þau (Millet, K., 2000:31; Þórdís Þórðardóttir, 2005:35). Fjölmiðlar og fjölmiðlafólk virðast ekki taka mikla ábyrgð gagnvart samfélaginu eða sýna meðvitund gagnvart jafnréttisbaráttunni. Hér er ekki verið að alhæfa um alla fjölmiðla heldur einungis verið að benda á að því er ábótavant að fjölmiðlafólk gæti orða sinna og hugi að ábyrgð sinni.

Í nýlegu eintaki Fréttatímans segist Kolbrún Pálsdóttir í tískupætti sínum ekki vilja alhæfa en að sú hæfni sem fólk virðist þurfa til að bera við fatakaup sé ekki innbyggð í karlkynið „...eins og okkur stelpurnar“. Svo veltir hún því fyrir sér hvort jafnvel sé „örlítið meira af kvenhormóni í þeim [karlmönnum] sem nenna að pæla í fötum“ (Kolbrún Pálsdóttir, 2011b). Á svipuðum tíma sagði Ásdís Rán í viðtali við Fréttablaðið: „Stelpur um allan heim eru eins inn við beinið – við viljum allar vera sætar og kaupa farða og fín föt,“ (Atli Fannar Bjarkason, 2011). Einnig eru dæmi um að barnungar stúlkur eru farnar að sitja fyrir í tískupáttum tímarita, klæddar og farðaðar eins og fullorðnar konur (Finnborg Salóme Steinþórsdóttir, 2011) og ástæða þykir til að „kíkja í fataskápinn“ hjá stúlkum, sem langt er í að verði fjárráða, og fá að sjá uppáhaldsflíkurnar þeirra (Kolbrún Pálsdóttir, 2011a). Útlitsdýrkunin er mikil og staðalímyndir lifa góðu lífi. Í þessu samhengi má nefna litla rannsókn, sem framkvæmd var í Bandaríkjunum nýlega, sem gefur vísbendingu um að stúlkur allt niður í 3-5 ára gamlar tengi persónueinkenni fólks holdafari þess, neikvæð persónueinkenni tilheyri frekar feitara fólki og jákvæð grönnu fólki. Ennfremur kom í ljós að

flestar stúlkanna sem tóku þátt í rannsókninni kusu að eiga granna vini frekar en feita vini (Harriger, J. A., Calogero, R. M., Witherington, D. C. og Smith, J. E., 2010).

Velta má fyrir sér í þessu samhengi hvort gott, vandað og umfram allt uppbyggilegt efni fyrir börn og ungt fólk sé nógu aðgengilegt á veraldarvefnum og einnig í sjónvarpi. Hvort nóg sé af mótvægi við neikvætt áreiti. Nýlega var komið á koppinn nýjum vef sem ber heitið, *Bleikt.is: Vefur fyrir drottningar*. Þar geta konur (og karlar að sjálfsögðu) til dæmis lesið ráðleggingar um „undraefnið og hrukkubanann“ bótox. Þar segir lýtalæknirinn Ottó Guðjónsson (sem í viðtalinu er kallaður Dr. Ottó) að vissulega sé einstaklingsbundið á hvaða aldri henti að fá sér bótox en „[f]yrir þroskaða einstaklinga ca. 25 og eldri gæti verið við hæfi að nýta sér Botox“ (Ásdís Rán, 2011). Ennfremur er hægt að komast að því hvort strákurinn sem stelpur eru skotnar í sé hrifinn af þeim á móti (Sif, 2011), skoða fola vikunnar (Ritstjórn, 2011) og ýmislegt annað í þeim dúr. Auk þess má leita ráða hjá Lindu og Gunnari með því að senda þeim póst, en á síðunni er hvorki að finna föðurnöfn þessara ráðgjafa né nein frekari deili á þeim, menntun eða annað. Sá hópur sem helst notfærir sér þessa ráðgjöf eru unglingsstúlkur og ungar konur (Spurt & svarað: Linda & Gunnar).

En hvað um barnaefni? Sögurnar um Íþrótaálfinn og ævintýri hans í Latabæ hafa notið mikilla vinsælda meðal íslenskra barna síðustu ár og hefur nú teygt anga sína víðsvegar um heiminn. Samkvæmt rannsókn Þórdísar Þórðardóttur frá árinu 2007 á aðalpersónum Latabæjar er töluverð kynjaslagsíða í þeim þáttum. Á meðan aðalkarlpersóna þáttanna, Íþrótaálfurinn sjálfur, er tákngervingur heilbrigða karlmansins er aðalkvenpersóna þáttanna, Solla stirða ekki hálfdrættingur á við hann (Þórdís Þórðardóttir, 2007:762). Hér verður ekkert rætt um það markaðsbákn sem Latibær er nú orðinn að og er einkum miðaður við markaðshópin börn.

3. Jafnréttisfræðsla – Hvað ungur nemur, gamall temur

Til að kennarar geti sinnt jafnréttisfræðslu þurfa þeir að þekkja stöðu kynjanna í samfélaginu auk þess að þekkja til kynjafræðinnar (Þórdís Þórðardóttir, 2005:34) en þessari fræðslu hefur lengi verið ábótavant í íslenskum skólum. Í þessum kafla verður fyrst farið yfir lög og skólanámsskrár og hvernig jafnréttisfræðsla kemur inn í þær, auk þess sem skoðaðar verða kennsluskrár þeirra tveggja háskóla sem bjóða upp á kennaranám á Íslandi með áherslu á leikskólakennarafræði. Svo verður fjallað um hvers vegna jafnréttisfræðsla skiptir máli og þá mikilvægi kynjafræði- og jafnréttismenntunar kennara.

3.1. Lög og skólanámskrár

Snemma árs 2008 voru samþykkt lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 með það að markmiði „að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.“ Samkvæmt þeim skulu allir einstaklingar „eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni“ og því markmiði skuli náð meðal annars með eflingu fræðslu um jafnréttismál (1. gr.). Í 23. grein, sem snýr að menntun og skólastarfi, er meðal annars tekið fram að nemendur skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, nr. 10/2008).

Í lögum um leikskóla (90/2008), sem gengu í gildi seinna en lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna (10/2008), kemur orðið *jafnrétti* einu sinni fyrir: „Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar“ (2. gr.). Hvergi er kveðið á um sérstaka jafnréttisfræðslu eða áherslur á jafnréttisstarf (Lög um leikskóla, nr. 90/2008). Þrátt fyrir þetta hefur jafnrétti verið sett ofarlega á bauginn í drögum að nýjum skólanámskrám en samkvæmt þeim er jafnrétti meðal fimm skilgreindra grunnþátta sem eiga að vera leiðarljós í almennri menntun nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010a:3; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010b:7). Þessir grunnþættir eiga síðan að fléttast inn í allt skólastarf og „[h]ugmyndirnar að baki þeim eiga að endurspeglast í starfsháttum, samskiptum og skólabrag sérhvers skóla“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010c:6). Til gamans má geta að drög að námskrá grunnskóla innihalda klausu um mikilvægi kynjafræði og hugtaka hennar í að auka meðvitund nemenda um stöðu kynjanna í samfélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010a:9) en þetta er viðbót við aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2006 og hugsanlegt merki um framför. En dulin námskrá hefur einnig mikið að segja í skólastarfi.

Dulin námskrá er hugtak sem notað er yfir óskrifadar reglur, öll þau skilaboð sem skólinn sendir um hvað er mikilvægt, hvaða hegðun er æskileg og óæskileg og svo framvegis. Þar eru hlutir sem við kunnum og vitum án þess að þeir hafi nokkurn tíma komið fram í beinni kennslu (Myles, B. S., Trautman, M. L. og Schelvan, R. L., 2004:5). Karin A. Martin (1998), prófessor í félags- og kvennafræðum, telur duldu námskránnar stjórna því hvernig börn haga sér og þá vísar hún sérstaklega í það hvernig kennarar haga sér á mismunandi hátt gagnvart stelpum og stráku. Í niðurstöðum rannsóknar Martin (1998) kom fram að

leikskólakennarar nota mismunandi aðferðir á kynin. Stelpur fengu bein fyrirmæli um það hvað þær ættu að gera á meðan strákar fengu frekar fyrirmæli um að hætta því sem þeir væru að gera (til dæmis hætta að hoppa, hætta að benda o.s.frv.). Þar sem drengirnir fengu engin fyrirmæli hvað þeir ættu að gera þegar þeir höfðu látið af „óæskilegri“ hegðun þá áttu þeir frekar möguleika á að framkvæma eitthvað nýtt. Stelpunum var aftur á móti, eins og fyrr sagði, stýrt í ákveðna hegðun. Samkvæmt Martin mótar viðhorf og framkoma starfsfólks á leikskólum hegðun barna í „strákafærni“ og „stelpufærni“ (Martin, K. A., 1998:506).

Leikskólakennarafræði á háskólastigi er hægt að læra í tveimur skólum á Íslandi, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Í yfirliti námskeiða sem kennd eru í leikskólakennaranámi til B.Ed. gráðu í Háskóla Íslands á næsta skólaári (2011-2012) er hvergi að finna námskeið sem virðist út frá heiti miðast að miklu eða einhverju leyti við jafnréttisfræðslu. Eitt námskeið sem kennt er á þriðja ári, *Leikskólafræði III: Fagmennska, uppeldissýn og jafnrétti* hefur, eins og sjá má, orðið *jafnrétti* í titlinum (Háskóli Íslands, e.d.). Eitt námskeiðið heitir *Leikskóli án aðgreiningar* en í nánari lýsingu á því kemur fram að þar er aðallega verið að beina sjónum að réttindum minnihlutahópa, fötlun og frávikum (Háskóli Íslands, 2010).

Í Háskólanum á Akureyri er sömu sögu að segja, þar er hvergi að sjá á yfirskriftum námskeiða að þau geti talist til jafnréttisfræðslu (Háskólinn á Akureyri, e.d.). Vafalaust fléttast jafnréttis- og kynjafraeðiumræða víða inn í hin ýmsu námskeið í báðum skólum en er það fullnægjandi? Er ásættanlegt að lög segi til um að jafnréttisfræðsla skuli vera á öllum skólastigum en að kennarar þurfi að miklu leyti að leita sjálfir upplýsinga vilji þeir kafa í efnið? Myndi slíkt hið sama líðast ef til dæmis um dönsku- eða íslenskukennslu væri að ræða?

3.2. Af hverju er jafnréttisfræðsla mikilvæg?

Kynbundin félagsmótun á sér stað allt frá fæðingu barns, til dæmis með þeim ólíku orðum sem við notum til að lýsa útliti og skapgerðareinkennum eftir kyni barns (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:9). Það öðlast snemma sterka tilfinningu fyrir væntingum samfélagsins til kynhlutverka eða um tveggja ára aldur (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:42) og tekur vísbendingar um hvernig það eigi að hugsa og haga sér úr umhverfi sínu og leggur sig fram við að uppfylla þær kröfur sem samfélagið gerir til þess (Millett, K., 2000:31; Þórdís Þórðardóttir, 2005:35).

Í rannsókn sem Karin A. Martin vann kom fram að þegar börn eru þriggja ára er hegðun kynjanna líkari en þegar börn eru orðin fimm ára. Meðal þriggja ára stelpna var meira

um grófa og ruddalega leiki þar sem líkamlegir árekstrar og rifrildi komu upp en hjá fimm ára gömlum kynsystrum þeirra (Martin, K. A., 1998:506). Þetta sýnir að þetta eru mótunarár í lífi barna og mikilvægt að ná til þeirra snemma. „Alhæfingar um kynin geta vakið eða styrkt staðlaðar hugmyndir um drengi og stúlkur og hvernig þau eigi að hegða sér til að vera eins og strákar eða stelpur eiga að vera“ (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:19). Auk þess sem uppeldi og umhverfi hafa afgerandi áhrif fylgja samskipti barna við starfsfólk skólans gjarnan fyrirfram gefnum reglum sem viðhalda ráðandi kynhlutverkum (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:9).

Íslensk börn eyða stórum hluta æsku sinnar innan veggja menntastofnana. Í fyrra (2010) voru 6.233 af 14.382 börnum á aldrinum núll til tveggja ára á leikskóla og 12.728 af 13.257 börnum á aldrinum þriggja til fimm ára (Hagstofa Íslands, 2011d; Hagstofa Íslands, 2011f). Þetta þýðir að um 96% þriggja til fimm ára barna á Íslandi eru í leikskóla og allflest þeirra, eða 10.350 börn, dvelja í átta tíma eða lengur (Hagstofa Íslands, 2011c). Það segir sig því sjálft að þessar stofnanir gegna gífurlega stóru hlutverki í jafnréttisuppeldi barna.

Samkvæmt *Jafnréttishandbókinni*, sem fyrst var gefin út árið 2000, er það hlutverk skólanna að efla og þroska þá jákvæðu eiginleika sem eru veikir hjá hvoru kyninu fyrir sig (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:9) og reyna að „bæta úr því sem helst vantar á hjá hvoru kyni“ (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:24): „Þannig auðveldum við bæði stelpum og strákum að taka jafna ábyrgð á mismunandi skyldum samfélagsins og vinnum um leið gegn hefðbundnum viðhorfum um hlutverkaskiptingu kynjanna“ (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:9).

Mikilvægt er að kennarar geri sér grein fyrir því hvernig þeir koma fram við börnin og hvort þeir haga sér mismunandi eftir því hvort kynið þeir eiga í samskiptum við. Martin (1998) komst að því að leikskólakennarar notuðu gjarnan líkamlega stýringu á börnin en mun fremur á stráka en stelpur. Með líkamlegri stýringu er til dæmis átt við að börnunum sé haldið til að láta þau hætta að hlaupa, bankað sé í þau til að ná athygli þeirra eða andlitum þeirra snúið til að fá þau til að hlusta. Í 94% tilfella var þessi að ferð notuð á stráka en í 39% tilfella á stelpur (Martin, K. A., 1998:506).

3.3. Mikilvægi kynjafræði- og jafnréttismenntunar kennara

Í einum kafla bókarinnar *Kynjamyndir í skólastarfi* segir Sif Einarsdóttir: „Í kynjuðu samfélagi er mikilvægt að kynjafræðingar og jafnréttissinnar haldi áfram að opna augu fólks fyrir ólíkum áhrifum kyns á líf karla og kvenna. Hvílir þó mest ábyrgð á foreldrum, skólum

og öðrum uppeldisstofnunum að hafa áhrif á félagsmótun barna og að takmarka ekki möguleika og aðgang stúlkna og drengja að störfum og námi með kynbundnu uppeldi og úr sér gengnum hugmyndum um hlutverk kynjanna“ (Sif Einarsdóttir, 2005:119). Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Þórdís Þórðardóttir lagði fyrir íslenska fyrsta árs kennaranema árið 2004 kemur fram að þeir sýndu kynjafræði mikinn áhuga. Einungis 20% þátttakenda í könnunni höfði ekki áhuga á kynjafræði en 77% þeirra sögðust myndu velja kynjafræðinámskeið ef það stæði þeim til boða (Þórdís Þórðardóttir, 2005:35).

Í drögum að *Aðalnámskrám* leik- og grunnskóla sem og í eldri námskrám kemur fram að markmið skólanna sé meðal annars að búa börnin undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi (Menntamálaráðuneytið, 1999:7; Menntamálaráðuneytið 2006:8; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010a:7; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010b:7). Í grein sinni, *Hvers vegna á kynjafræði erindi í kennaramenntun?*, segir Þórdís Þórðardóttir (2005) að til þess að kennarar geti sinnt þessu markmiði skólanna sé nauðsynlegt fyrir þá „að þekkja vel til félagsmótunar kynjanna, kynjaskiptingar og valdamisræmis í samfélaginu, samhliða annarri þekkingu og færni í mismunandi kennsluáðferðum fyrir ólíka einstaklinga og hópa“ (Þórdís Þórðardóttir, 2005:37).

Kyngervi barna mótast að miklu leyti innan veggja skólanna og þar verða staðalímyndir ennfremur til og þær hefta möguleika og frelsi einstaklingsins (Þórdís Þórðardóttir, 2005:43). Kynjafræðin er öflugt tæki sem kennarar geta notað til að efla skilning nemenda sinna og vinna gegn fordómum og staðalímyndum (Þórdís Þórðardóttir, 2005:37-38): „Hún getur víkkað sjóndeildarhring kennaranema og gert þá betur í stakk búna til að skilja áhrif kyngervis á skólagöngu barna og unglinga“ (Þórdís Þórðardóttir, 2005:38). Það er nauðsynlegt að kennarar búi yfir þekkingu sem gerir þeim kleift að mæta kynjunum á jafnréttisgrundvelli (Þórdís Þórðardóttir, 2005:33).

Mikilvægt er að notast við öflugar leiðir til að „brjótast úr viðjum úreltra hugmynda um kynhlutverk“ (Þórdís Þórðardóttir, 2005:43) og ekki nægir að breyta einungis orðalagi í skólanámskrám. Jafnréttisstefnan verður að fléttast inn í allt starf í skólunum (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:25) og festa rætur í allri skólamenningunni (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:48). Þetta á líka við um skipulag innan skólanna, svo sem kynjaskiptingu starfsfólks, en það skiptir miklu máli og hefur áhrif á nemendur þeirra (Þórdís Þórðardóttir, 2005:47): „Jafnréttismiðuð kennsla gerir þá kröfu til kennara og allra sem í skólanum starfa að þeir haldi vöku sinni í jafnréttismálum“ (Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir, 2000:23-24).

Í niðurstöðum verkefnis sem unnið var á vegum Jafnréttisstofu veturinn 2008-2009 og fjallað verður frekar um hér síðar, kom í ljós „að verulega skortir á kynjafræðipækningu kennara en forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum eru vel menntaðir kennarar á þessu sviði. Kynjafræðin þarf að vera skyldunámsgrein í kennaramenntun og koma sterkar inn í endurmenntun kennara“ (Arnfríður Aðalsteinsdóttir, 2010:23). Jafnframt var kallað eftir því að menntamálaráðuneytið (nú mennta- og menningarmálaráðuneyti) „axli sína ábyrgð og sinni eftirlits- og ráðgjafarhlutverki sínu“ (Arnfríður Aðalsteinsdóttir, 2010:23).

4. Jafnréttisfræðsla í mótun – Mennt er máttur

Síðustu ár hefur orðið vitundarvakning á Íslandi og meiri áhersla hefur verið lögð á jafnréttisfræðslu. Í þessum kafla verður fjallað um störf, viðhorf og kenningar Margrétar Pálu Ólafsdóttur en hún er höfundur Hjallastefnunnar. Fjallað verður um störf Jafnréttisstofu sem hefur hrint af stað viðamiklum verkefnum auk þess sem sérstakri athygli verður beint að jafnréttisverkefni sem unnið var undir stjórn Helgu Maríu Þórarinsdóttur í leikskólanum Lundarseli á Akureyri.

4.1. Hjallastefnan

Menntafyrirtækið Hjallastefnan ehf. var stofnað af Margréti Pálu Ólafsdóttur árið 2000. Margrét hafði þá verið skólastjóri leikskólans Hjalla í Hafnarfirði þar sem hún þróaði kenningar og námskrá Hjallastefnunnar (Hjallamiðstöðin, e.d.). Það sem helst einkennir Hjallastefnuskóla er að kynin eru stóran hluta dags í sitthvoru lagi. Mikil áhersla er lögð á jafnréttisuppeldi og er þar notast við orðið *uppbót*: „Kynjaskipting er notuð til að tryggja bæði kyn og gefa stúlkum og drengjum uppbót fyrir það sem þau hafa farið á mis við vegna kynferðis í samfélagi sem ekki hefur enn náð jafnréttismarkmiðum sínum“ (Lilja S. Sigurðardóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir, 2006:5-6).

Í samanburðarrannsókn sem Margrét Pála vann fyrir meistararitgerð sína í uppeldis- og kennslufræðum skoðaði hún færni, líðan og viðhorf barna þegar þau fara í leikskóla. Í rannsókninni bar hún saman börn sem koma úr leikskólum Hjallastefnunnar og börn sem koma úr öðrum leikskólum. Í niðurstöðunum kom fram að lítill munur var á börnunum sem borin voru saman en samkvæmt mati Margrétar Pálu mældist almenn sjálfsvirðing og námsgeta meiri hjá Hjallabörnum auk þess sem þau voru talin öruggari í samskiptum við börn af gagnstæðu kyni (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000:126). Öryggi Hjallabarna í samskiptum við börn af gagnstæðu kyni var meira en hjá samanburðarhóp og því telur Margrét Pála að

aðskilnaður stúlkna og drengja geti stuðlað að jákvæðari viðhorfum gagnvart hinu kyninu. (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000). Aðrar niðurstöður voru hins vegar þær að „yngri Hjalladrengir voru síður ánægðir að leika og vinna með stúlkum en félagar þeirra úr samanburðarhópi og allir Hjalladrengir töldu öðrum fremur að strákaleg hegðun tilheyrði eingöngu strákum“ (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000:105).

Margrét Pála segir að kynjamunur á Íslandi hafi lítið breyst frá fyrri tíð (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000:125). Hún telur nauðsynlegt að rannsaka árangur af jafnréttisverkefnum í skólum en tekur þó fram að rannsóknirnar einar og sér leysi engan vanda heldur þurfi allir skólar og leikskólar að vinna að jafnrétti (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000: 26). Hún telur ennfremur „nauðsynlegt að börn fái tækifæri til að njóta sín án þess að vera bundið í klafa kynhlutverka og staðlaðra hugmynda um getu sína og möguleika í lengd og bráð“ (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000:126).

4.2. Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa hefur síðustu ár hrint af stað verkefnum sem hafa með jafnrétti kynjanna að gera. Þann 17. September 2008 var farið af stað með verkefnið *Jafnrétti í skólum: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft* (hér eftir jafnréttisverkefnið) í samvinnu við félags- og tryggingamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Akureyrarbæ, Mosfellsbæ og Kópavogsbæ. Verkefnið miðaði að því að „auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í skólastarfi, þ.e. í leikskólum og grunnskólum“ og var markmið þess að leggja lóð á vogaskálarnar „[...] til að ungt fólk fái tækifæri til að ákvarða framtíð sína og geti valið sér nám og störf óháð kyni“. Verkefnið var tvíþætt. Annars vegar var hönnuð vefsíða þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um jafnréttisfræðslu. Hins vegar voru sett af stað tilraunaverkefni á sviði jafnréttismála í nokkrum leik- og grunnskólum landsins (Jafnréttisstofa, félags- og tryggingamálaráðuneytið o.fl., 2008:2-4). Einn af þeim skólum sem tóku þátt í þessu verkefni var leikskólinn Lundarsel á Akureyri og var Helga María Þórarinsdóttir verkefnisstjóri þar. Þann 19. apríl 2011 heimsóttum við Helgu á vinnustað hennar og tókum við hana stutt viðtal um starfið sem hún hefur unnið í þágu jafnréttis í leikskólanum.

Helga María Þórarinsdóttir er menntaður leikskólakennari og hefur starfað á leikskólanum Lundarseli á Akureyri frá árinu 1999. Hún tók að sér verkefnisstjórn jafnréttisverkefnisins í skólanum en mikil samvinna var höfð meðal starfsfólks leikskólans um undirbúning og vinnslu verkefna. Í skólanum er barnaheimspeki mikið notuð og hefur hún

verið fléttuð inn í jafnréttisfræðsluna. Byrjað er að nota barnaheimspeki þegar börnin eru þriggja ára og þeim meðal annars kennt að hlusta og taka eftir með notkun hennar. Helga segir lítið hafa verið um kynjafræðikennslu í leikskólakennaranáminu og er starfsfólkið að miklu leyti sjálfmenntað í fræðunum (Helga María Þórarinsdóttir munnleg heimild, 19. apríl 2011).

Stærsta verkefni starfsfólks Lundarsels var þýðing bókarinnar *Þegar Friðrik var Fríða/Þegar Rósa var Ragnar* upp úr dönsku. Einnig samdi það ítarlegar kennsluleiðbeiningar með bókinni og eru þær aðgengilegar á netinu. Bókin er notuð í heimspekivinnu með leikskólabörnum. Þá er lesinn smá hluti bókarinnar og gildir hennar ræddar en í henni er töluvert af gildrum sem ætlaðar eru til að vekja bæði börnin og kennarana til umhugsunar og meðvitundar um hvernig þeir haga sér dags daglega. Helga viðurkennir að hún og samstarfsfólk hennar hélt að jafnréttismál væru í nokkuð góðum skorðum í skólanum þeirra: „Við höldum að allt væri svo fullkomið hjá okkur en við rákum okkur á ýmislegt, til dæmis þegar strákur kom í nýjum strigaskóm þá var sagt við hann að nú yrði hann rosalega fljótur að hlaupa en þegar stelpa kom í nýjum strigaskóm þá voru þeir svo fallegir eða eitthvað slíkt“ (Helga María Þórarinsdóttir munnleg heimild, 19. apríl 2011). Hún segir bókina vera kynjagleraugu sem benda á hvar gildirnar eru.

Í starfi Lundarsels hefur jafnframt verið lögð áhersla á að virkja börnin til rannsóknarvinnu og hvetja þau til að ræða hlutina, skoða og gera sjálf. Farið er með börnin í vettvangsferðir og heimsóknir á vinnustaði og til dæmis hefur verið farið á bifvélaverkstæði og á tannlæknastofu. Auk þess eru börnin hvött til að skoða hlutina sjálf. Helga segir okkur frá því að eitt sinn hafi hópur barna haldið því fram að allar stelpur ættu að vera með sítt hár en kennarinn, sem er kona, var með stutt hár en börnin veittu því enga athygli. Í stað þess að benda þeim á það þá var farið með hópinn af stað og gerð rannsókn á þessu, gengið um hverfið og fólkið skoðað: „Við veljum þessa leið. Í staðinn fyrir að standa yfir þeim og segja bara: „bull og vitleysa, konur geta verið með bæði sítt og stutt hár“ þá viljum við frekar að þau fatti það sjálf, hvort sem það er með samræðunni eða rannsókn“ (Helga María Þórarinsdóttir munnleg heimild, 19. apríl 2011).

Aðspurð um viðbrögð foreldra við jafnréttisstarfinu segir hún þá hafa tekið þessu mjög vel: „Þegar foreldrar spyrja okkur af hverju við erum að þessu, af hverju við erum að setja kynjagleraugin á allt starfið okkar og aðstoða börnin upp úr hjólförunum [...] [Aðalatriðið] er bara að allir séu jafnir. Að það loki hvergi á óskir eða drauma. Að mig geti bara dreymt, hvort sem ég er karlmaður eða kvenmaður það sem ég vil, að kynið mitt loki aldrei á eitt eða neitt [...] Við erum bara endalaust að undirstrika það að þú mátt það sem þú vilt [...] Það hlýtur

öllum foreldrum að finnast það fallett“ (Helga María Þórarinsdóttir munnleg heimild, 19. apríl 2011).

Helga segir árangurinn af starfinu ótvíræðan. Hún segir að þau finni mikinn mun, það sé minna mál fyrir börnin að fara yfir kynjaþröskuldinn nú en áður en að það geti verið barnaheimspekinni að þakka til jafns við jafnréttisfræðsluna. Hún segir þó vinnuna hafa kennt sér það að huga þurfi betur að strákunum, að meiri áhersla sé lögð á að hvetja stelpurnar og að mikilvægt sé að strákar geti farið jafn frjálst yfir kynjaþröskuldinn og stelpurnar. Umhverfið sé hugsanlega of kvenlægt í skólum: „[...] eitthvað er strákunum okkar ekki að líða nógu vel“ (Helga María Þórarinsdóttir munnleg heimild, 19. apríl 2011).

Helga hefur kynnt verkefnið fyrir öðrum leikskólum sem og kennslugögnin sem þær útbjuggu. Ári eftir að verkefninu lauk hlaut Helga María viðurkenningu fyrir fyrirmyndar leiðtogahefni í leikskólastarfi frá skólanefnd Akureyrarbæjar (Jafnrétti í skólum: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft, 2010) ásamt því sem verkefnið var kynnt á stórri samnorrænni jafnréttisráðstefnu á Grand Hótel (Helga María Þórarinsdóttir munnleg heimild, 19. apríl 2011). Í lokaskýrslu verkefnisins kemur fram að almennt hafi það styrkt viðhorf nemenda (Arnfríður Aðalsteinsdóttir, 2010:22) en frekari vinna í þessum málaflokki er nauðsynleg: „Gera þarf faglega úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum en vitað er að víða í skólakerfinu er mikið verk að vinna við mótun jafnréttisstefnu í samræmi við lög og opinber markmið. Skólayfirvöld sveitarfélaganna þurfa líka að sinna sínum skyldum og styðja skólana við jafnréttisfræðsluna“ (Arnfríður Aðalsteinsdóttir, 2010:23).

5. Starfsferilþróun – Lengi býr að fyrstu gerð

Til að hægt sé að vinna með börnum í náms- og starfsfræðslu, svo árangur hljóttist af, er mikilvægt að komast að því hvenær hugmyndir þeirra um störf byrja að þróast. Hér verður byrjað á því að fjalla í stuttu máli um kynfesti og síðan um starfsferilþróun á æskuárum. Að lokum verður farið yfir áhrif umhverfis á hugmyndir einstaklinga um hvað er æskileg hegðun.

5.1. Kynfesti

Mikil mótun á sér stað á hugmyndum barna allt frá fæðingu. Kynfesti, það að barn átti sig á að kyn þess er óbreytanlegt, kemur í áföngum og „[...] í raun má ætla að börn séu ekki með öllu örugg um kynmyndina fyrr en á unglingsárunum“ (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007:279). Talað er um að sjálfsmynd barna komi til á öðru aldursári en þá fara þau að tala um sjálf sig í fyrstu persónu og þekkja sig í spegli (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994:35). Um

tveggja ára aldur geta þau sjálf sagt til um það hvort þau séu stelpa eða strákur en þó er skilningurinn á því hvað það þýðir mjög yfirborðskenndur. Um þriggja ára aldur hefst aðgreining þeirra á kynjunum þó rannsóknir benda til að börn þekki kynin í sundur strax um níu mánaða aldur (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007:268). Þau fara að líta á sig sem stráka eða stelpur þegar þau eru tveggja til þriggja ára og fimm ára hafa þau flest gert sér grein fyrir muninum á kynjunum og hlutverkum þeirra (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994:35).

Talið er að kynjaímyndin festir sig í sessi um sjö ára aldur og er þá orðin varanleg en það þýðir að börnin átta sig á því að kyn þeirra veltur ekki á því hvernig þau eru klædd eða hvers konar dót þau leika sér með (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007:279). Á þeim aldri geta börn flokkað störf fólks og eru farin að skilja og nota kynhlutverkið. Þau nota atriði sem sýnilega lýsa kyni eins og útlitstengd atriði, til dæmis klæðnað og hárlengd. Að sama skapi flokka þau störf í kvenna- og karlastörf eftir því hvort kynið starfar við það (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:21). Þessi aukna áhersla á upphaf starfsþróunar á bernskuárum einstaklinga hefur orðið til þess að erlendir fræðimenn eru farnir að veita þessu æviskeiði vaxandi athygli í rannsóknum sínum og umfjöllunum (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:8).

5.2. Starfsferilþróun hefst

Börn hafa strax á unga aldri tilhneigingu til alhæfingar og þess vegna draga þau ályktanir um alla karlmenn og kvenmenn út frá því sem þau sjá í sínu nánasta umhverfi, þ.e. setja samasemmerki milli kyns og kyngervis (Paechter, C., 2007:2). Fyrirmyndir skipta því miklu máli sem og þau skilaboð sem börn fá úr umhverfi sínu og þar spila foreldrar stór hlutverk ekki síður en kennarar. Foreldrar skipta miklu máli í mótun barna sinna og hafa jákvæð tengsl einstaklings við fjölskyldu sína mikil áhrif á ákvarðanir hans um nám og störf sem og viðhorf foreldra til skólagöngu og starfsframa (Helga Magnea Steinsson, 2001:21). Ólík kynhlutverk eru oft styrkt með hegðun foreldra. Feður hafa sérstaklega mikil áhrif á hugmyndir barna sinna um störf fyrstu fimm ár ævi þeirra en „þá byrja áhrif frá móður að koma fram og hafa að lokum meiri áhrif en áhrif frá föður. Ekki er ólíklegt að hlutverk móðurinnar inni á heimilinu hafi áhrif þar sem konur virðast frekar vera ábyrgðaraðilinn fyrir umönnun barna/barns“ (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:27). Kynbundnar staðalímyndir í samfélaginu eru „notaðar til að réttlæta og viðhalda kynjuðum vinnumarkaði og ólíku mati á kvenna- og karlastörfum“ (Sif Einarsdóttir, 2005:118). Kynjamunur á starfsáhuga virðist tengjast þessum kynbundnu staðalímyndum starfa (Sif Einarsdóttir, 2005: 106).

Nemendum grunn- og framhaldsskóla hefur í auknum mæli staðið til boða náms- og starfsráðgjöf síðustu áratugi (Sif Einarsdóttir, 2005:103) en náms- og starfsráðgjafarfræðin sem snúa að börnum eru fræði sem rekja má til aldamótanna 1900. Mikil vakning var síðan í málaflokknum upp úr miðri síðustu öld (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:14). „Ráðgjöf af þessu tagi byggist á þeirri grundvallarhugmynd að ef hver einstaklingur velji sér starf sem hæfir áhugasviðum hans, gildismati og hæfni þá verði hann eða hún ánægð og náí árangri í starfi“ (Sif Einarsdóttir, 2005:104). En hefðbundnar staðalímyndir um störf eru lífseigar og þær skerða val einstaklinga á starfsferli (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:32) og valda því að stelpur og strákar hafa ekki það val sem æskilegt er „til að einstaklingurinn njóti sín á eigin forsendum“ (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:8). Flestar sálfræðikenningar um starfsþróun líta á starfsval sem „ævilangt ferli aðlögunar og breytinga sem byrjar í bernsku og verður fyrir áhrifum af persónulegum þáttum og samhengi“ (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:12).

Ýmsir fræðimenn vilja meina að starfsþróun einstaklinga hefjist í bernsku þeirra og að í þeirri staðreynd sé að finna ástæðuna fyrir því af hverju kynin leita í hefðbundin störf (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:31). Þess ber þó að geta að fræðin eru stutt komin í þessum málaflokki og enn eru skoðanir fræðimanna skiptar á mikilvægi æskunnar í starfsferilþróun (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:13). Linda S. Gottfredson (2002) hefur sérstaklega einbeitt sér að hlut bernskunnar í starfsþróun einstaklingsins og hún veltir því fyrir sér af hverju börn endurskapi ójöfnuðinn í samfélaginu sem þau alast upp í löngu áður en þau mæta sjálf hindrunum í sinni leit að draumum sínum og þráum (Gottfredson, L. S., 2002:85).

Í þróunarverkefni sem unnið var með sjö til níu ára börnum í Myllubakkaskóla í Keflavík frá janúar 1991 til vors 1992 var unnið með málefni sem snerta jafnstöðu kynjanna og reynt að taka markvisst á þeim í samvinnu við nemendur, kennara og foreldra (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994). Markmið verkefnisins var meðal annars að hafa áhrif á viðhorf nemenda til launaðra og ólaunaðra starfa (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994:32). Túlka mátti þá breytingu sem varð á viðhorfum barnanna til launaðra starfa á verkefnistímanum á þann veg að raunveruleg staða launafólks í samfélaginu varð ofan á:

Ein leiðin til að túlka niðurstöðurnar er að umfjöllun um laun og störf hafi fyrst og fremst orðið til að börnin kæmust að sannleikanum og að það hafi verið áhrifameira en hugsanleg umræða um að þessu launamati ætti að breyta þannig að launajafnrétti kynja aukist. Þetta bendir til að tekist hafi að hluta að hafa áhrif á viðhorf barnanna til launaðra starfa, en breytingin virðist vera í þá átt að börnin kynnast sannleikanum um hverjir vinni hvaða störf og hve mikið er greitt fyrir þau, fremur en að öll störf séu á færi bæði kvenna og karla og að

laun fari eftir ábyrgð, menntun eða einhverju öðru en kynferði (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994:43).

Börnin urðu semsagt frekar „raunsæ“ en jafnréttissinnuð og getur sú niðurstaða talist eðlileg miðað við aldur barnanna og vanhæfni þeirra til að ræða hluti út frá möguleikum fremur en veruleika (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994:47). Af þessum niðurstöðum birtist að mati Guðnýjar Guðbjörnsdóttur „skýrt sú þversögn sem felst í því að fræða um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna í þjóðfélagi þar sem slíkt er lögbundið en ekki staðreynd“ (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994:49). Ennfremur sýna þær hve mikil hindrun ójöfn laun kynjanna í raun eru og hve djúpt áhrif þeirra ná. Í ljósi þessa telur Guðný að fræðslu beri að byrja snemma og mælist til þess að tekið skuli tillit til aldurs barna við skipulagningu hennar (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994:50).

5.3. Umhverfið

Kynhlutverkin og staðalímyndir kynjahlutverka sitja að vissu leyti mjög djúpt í samfélögum og stórkostlegt sameiginlegt átak þarf til að breyta hefðbundnum hugmyndum. Enn eru til dæmi um að námsval kynjanna sé ekki það sama og tekur þá starfsfólk skólanna ákvörðun um það hvað „hentar“ hvoru kyninu betur. Fyrir um það bil ári var uppi hávær umræða um slíkt tilfelli sem átti sér stað í Auðarskóla í Búðardal (Valgeir Örn Ragnarsson, 2010).

Í lok skólaárs var nemendum Auðarskóla boðið upp á ýmis stutt námskeið og fyrirlestra og var sumt ætlað öllum nemendum en í öðru var kynjaskipting. Stelpurnar voru sendar á snyrtinámskeið og á fyrirlestur hjá sálfræðingi um ótímabæra þungun en drengirnir fengu fyrirlestur um tölvuleikinn Eve Online. Stúlka í 9. bekk sem hafði mikinn áhuga á tölvum og langaði að hlusta á fyrirlesturinn um leikinn fékk ekki að leyfi til að skipta um námskeið þar sem snyrtinámskeiðið var hugsað fyrir stelpur en tölvufyrirlesturinn var fyrir strákana. Skólastjóri Auðarskóla, Eyjólfur Sturlaugsson, var ekki sammála því að verið væri að mismuna börnum eftir kyni: „Þetta var bara sett þannig upp að það var ekki um val að ræða. Við skiptum skólanum upp í hópa og það var ekki hægt að velja nein námskeið. Það fóru allir á ljósmyndanámskeið og síðan var kynjaskipt hluta dagsins“. Hann tekur það fram að engum nemendum hafi staðið til boða að skipta um námskeið, hvorki stelpum né strákum. Í framhaldi af þessu tjáði Kristín Ástgeirsdóttir sig um málið og taldi hún skólana ómeðvitaða um hlutverk sitt sem er að stuðla að fræðslu um jafnrétti. Hún nefnir einnig að börn þurfi að fá að njóta hæfileika sinna sama hvors kyns það er. Halla Gunnarsdóttir talsmaður femínistafélags Íslands benti á að strákar ættu einnig að fá fræðslu um ótímabæra þungun „því það þarf tvo til slíks verknaðar“ (Valgeir Örn Ragnarsson, 2010).

Til eru dæmi um það að staðalímyndir innan íþróttagreina séu svo sterkar að falli einstaklingur utan þess sem talið er „norm“ getur hann átt á hættu að vera útilokaður frá íþrótt sinni þrátt fyrir mikla hæfileika. Í því lenti körfuboltaleikmaðurinn Nathan Einschlag en hann varð utangátta í háskólakörfuboltaliðinu sem hann spilaði með því hann neitaði að tileinka sér grófa hegðun. Þar var viðurkennt að strákar í körfuboltaliðinu væru með drykkju- og dólglæti og kæmu illa fram við kvenkyns samnemendur sína. Hegðunin hlaut jafnvel samþykki og hvatningu hjá körfuboltaþjálfaranum sem efaðist um kynhneigð Einschlag og lét hann dúsa á varamannabeknum. Þegar Einschlag fordæmdi þessa hegðun var hann talinn skríttinn, meira segja af stelpunum sem hann kaus að koma vel fram við. Hann áttaði sig á því að hann væri einfaldlega ólíkur hinum strákunum í körfuboltaliðinu og segir hann sjálfur það vera vegna þess hvernig móðir hans ól hann upp. Í stað þess að slást í lið með félagum sínum ákvað hann að hætta körfuboltaíðkun og segist hann ánægður með að hafa ekki brugðist sannfæringu sinni (Einschlag, N., 2007).

Jafningjar eru mjög mikilvægir í lífi barna. Vissulega eru foreldrar fyrirmyndir og hegðun þeirra og framkoma við barn er mikilvæg auk þess sem þeir geta framan af haft áhrif á hverja barnið umgengst. En jafningjar, á borð við vini og skólafélaga, skipta börn ekki síður máli og geta haft mikil áhrif (Santrock, J. W., 2011:73). Fyrir stuttu skrifaði Una Björk Kjerúlf grein um það þegar lítill strákur mætti í pils í leikskólann sinn. Pilsin voru nýjung og hluti af skólabúningi sem verið var að kynna í leikskólanum og hafði strákurinn heillast af þeim þar sem þau héngu uppi til kynningar. Foreldrarnir létu tilleiðast og keyptu pils handa syni sínum. Viðbrögð skólafélaga stráksins voru merkileg að mati Unu sakir þess að enginn setti út á fataval drengsins, sumir þeirra tóku vart eftir því á meðan aðrir vildu líka fara í pils. Svo fór að daginn eftir að strákurinn mætti í leikskólann í nýja pilsinu sínu mættu tveir strákar í pils í skólann og þriðja daginn voru þeir orðnir fimm talsins. Tekið er fram í greininni að ekki var verið að þröngva neinum í pils og ekki var verið að lofa eða lasta þá sem gengu í þeim. Drengurinn fékk engin skilaboð frá umhverfinu að pils væru eingöngu ætluð stúlkum. Þeir höfðu fullkomið frelsi til að velja það sem þá langaði til að vera í (Una Björk Kjerúlf, 2010). Þessi litla saga segir mikið um mótun samfélagsins, hve mikil áhrif umburðarlyndi og víðsýni getur haft og mátt jafningjanna.

6. Eigindleg frumrannsókn höfunda

Við framkvæmd rannsóknarinnar var notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir og hér fyrst í kaflanum verður farið yfir hvað slíkar aðferðir fela í sér. Síðan verður farið yfir hvernig staðið var að því að taka viðtöl við börnin.

6.1. Eigindleg aðferð

Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf elstu barna í leikskóla til kynjahlutverka og val þeirra um framtíðarstarf. Til þess var notuð eigindleg rannsóknaraðferð. Eigindleg aðferð er rannsóknarsnið sem byggist á aðleiðslu við uppbyggingu á kenningu en það er ferli sem er skapandi og íhugandi. Reynt var að draga lærdóm af aðstæðum án þess að alhæfa um niðurstöður. Þannig var leitast eftir þeirri merkingu sem annað fólk leggur í umhverfi sitt með því að spyrja það spurninga í formi samræðna. Ennfremur var reynt að skilja félagslegan bakgrunn þátttakenda meðan á rannsókn stóð og túlka niðurstöður með því að leggja til hliðar eigin dóma og skoðanir.

Mjög mikilvægt er að gagnkvæmt traust myndist milli rannsakenda og þátttakenda þannig að þeir síðarnefndu opni hug sinn. En meginmarkmið með eigindlegum rannsóknaraðferðum er að rannsakandi upplifi líf þátttakenda sinna í þeim tilgangi að átta sig hvaða merkingu þeir leggja í líf sitt. Með því fær hann upplýsingar sem nýtast við úrvinnslu rannsóknar (Bryman og Bell, 2007). Fjöldi þátttakenda í eigindlegum rannsóknaraðferðum sem og lengd viðtala fer eftir eðli og aðstæðum rannsóknar hverju sinni. Í þessu tilfelli þótti rannsakendum mikilvægt að viðmælendur væru ekki of fáir til að sem trúverðugastar niðurstöður fengjust og tóku stutt viðtöl við hvern og einn.

6.2. Viðtöl og gagnaöflun

Spurningar voru hannaðar með það að leiðarljósi að færa rannsakendum svör við því hvort þörf væri á frekari jafnréttisfræðslu í skólum og var þeim skipt niður í sjö þætti. Tekin voru viðtöl við fimmtíu og sex leikskólabörn sem munu hefja grunnskólagöngu í haust, en leikskólarnir voru valdir af handahófi nema Hjalli, sem var valinn vegna þeirra hugmynda sem þar er starfað eftir. Hugmyndin með því að hafa hann inni í rannsókninni var sú að upplýsandi gæti verið að bera hann saman við hina leikskólana þegar það á við.

Áður en rannsókn gat hafist var haft samband við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra viðkomandi leikskóla til að fá leyfi til að taka viðtöl við börnin. Þegar leyfi frá leikskólastjórum lá fyrir var þess yfirleitt krafist að fá skrifleg leyfi frá foreldrum eða

forráðamönnum barnanna. Einungis í einum þeirra þurfti ekki sérstakt leyfi frá foreldrum og fyrir því var gefið það skilyrði að ekki yrðu teknar ljósmyndir eða gögn notuð á þann hátt að persónuvernd barnanna væri ekki virt. Farið var með leyfisbréfin í skólana og sáu leikskólastjórar og aðrir starfsmenn um að afla leyfanna frá foreldrum en þeim var gefinn lítill frestur til að skila svörum, einungis örfáir dagar, til að auka líkur á að leyfisbréf skiluðu sér.

Þegar leyfi frá foreldrum lá fyrir var valin tímasetning sem hentaði rannsakendum og starfsfólki hvers leikskóla. Hver heimsókn hófst með hópviðtali svo að börnin gætu kynnst rannsakendum lítillega og var hugmyndin að þau yrðu þá ef til vill öruggari í einstaklingsviðtölunum sem tekin voru strax á eftir. Börnin voru beðin um leyfi áður en einstaklingsviðtölin hófust en þrjú börn neituðu viðtali. Ástæðan fyrir því að rannsakendur vildu ræða við börnin hvert fyrir sig var sú að talin var hætta á að börnin gætu hermt eftir hvort öðru sem myndi gera rannsóknina og niðurstöður hennar óljósar og/eða ótrúverðugar. Notað var upptökutæki í viðtölunum sem voru afrituð orðrétt niður sem og hugleiðingar rannsakenda og útlit og látbragð barnanna. Spurningarlistinn sem notaður var í rannsókninni var saminn og þróaður af rannsakendum:

- Býrðu hjá mömmu þinni og pabba?
- Áttu besta vin eða bestu vinkonu?
- Hvað er uppáhaldsdótið þitt og/eða leikur?
- Hver er uppáhaldsliturinn þinn?
- Hver finnst þér að eigi að elda oftast matinn, mamman eða pabbinn?
- Hver eldar oftast matinn heima þér?
- Er eitthvað sem þú ert rosalega góð(ur) í?
- Hvað viltu verða þegar þú verður stór?/Þekkirðu einhvern sem vinnur við það?

Gagnaöflun fór fram í fjórum leikskólum í sama sveitarfélagi á landsbyggðinni. Hér á eftir fer stutt lýsing á leikskólunum sem hafa verið gefin ný nöfn: *Hjalli* er sex deilda leikskóli með tæplega 150 börn og var þar rætt við tuttugu og sex börn í þremur heimsóknum, fimmtán stelpur og ellefu stráka. *Litlihóll* er tveggja deilda leikskóli með rúmlega fimmtíu börn. Rannsakendur hittu þar fyrir sjö börn í tveimur heimsóknum, þrjá drengi og fjórar stúlkur. *Lækjaborg* er fjögurra deilda leikskóli með um níutíu börn þar sem rætt var við þrettán börn, fjórar stelpur og níu stráka í einni heimsókn. *Sunnuhlíð* er þriggja deilda leikskóli með rúmlega sjötíu börn og þar var rætt við tíu börn í einni heimsókn, átta drengi og tvær stúlkur.

Á þessum fjórum leikskólum var rætt við samtals fimmtíu og sex börn, tuttugu og fimm stelpur og þrjátíu og einn strákur í samtals sjö heimsóknnum sem hver stóð í um klukkustund að meðaltali.

Gagnaöflun hófst í byrjun febrúar 2011 og stóð fram í lok apríl 2011. Leiðbeinandi verkefnisins ráðlagði rannsakendum að nálgast viðfangsefnið með opnum huga og má því segja að rannsóknin hafi verið lifandi etnógráfískt ferli sem mótaðist smám saman. Þegar fyrst var farið af stað voru rannsakendur frekar leitandi og án fastmótaðra hugmynda en þegar leið á rannsóknina varð til fastmótaður spurningarlisti eins og sjá má hér að ofan. Vegna þessa var þörf á að fara tvisvar á *Hjalla* og *Litlahól* til að spyrja börnin nýrra spurninga sem höfðu bæst við en að sama skapi voru aðrar teknar út sem þóttu óþarfar. Að rannsókn lokinni verða gögnin geymd sem trúnaðarupplýsingar.

7. Niðurstaða, greining og túlkun gagna

Eftir að hafa spurt börnin, tekið upp og skráð orðrétt niður voru svörin lesin vel yfir og þeim skipt niður í sjö hluta. Þessum kafla er skipt niður eftir þeirri greiningu; föt og hár, uppáhaldslitir, uppáhaldsleikfang/leikur, heimilisstörf-matseld, bestu vinir og vinkonur, mat á eigin hæfileikum og draumastarfið. Börn voru saman svör kynjanna og þegar það á við þá er Hjalli borinn saman við hina þrjá leikskólana samanlagt. Fyrsti kaflinn kallast föt og hár en hann byggir ekki á spurningum rannsakenda og svörum barna heldur var útliti barnanna skráð um leið og viðtölin voru tekin til að sjá hvort það væri mikill munur á kynjunum. Niðurstöður hverrar spurningar fyrir sig eru síðan kynntar í sérköflum.

7.1. Föt og hár

Karin A. Martin, prófessor í félagsfræði, segir eitt skýrasta dæmi um það hvernig líkamar barna eru kyngerðir sé með fatnaði og líkamsskrauti (Martin, K.A, 1998:498). Fram að unglingsaldri er ekki hægt að sjá mun á líkómum kynjanna nema þau séu nakin. Til þess að greina kynin í sundur eru notuð ýmis ytri tákni eins og fatnaður, litaval og hárgreiðsla svo auðveldara sé að átta sig á hvors kyns barnið er (Sólveig Karvelsdóttir, 2005:86). Þar sem börnin í rannsókninni eru ósjálfráða þá má gera ráð fyrir að foreldrar þeirra beri ábyrgð á fatakaupunum en samkvæmt Martin eru fimm ára börn líklegri til að velja kynbundinn (*gender normative*) fatnað heldur en þriggja ára börn (Martin, K. A, 1998:499). Það bendir til þess að sá aldur sem rætt var við stjórnari að einhverju leyti útliti sínu ásamt foreldrum þeirra.

Afgerandi munur var á hári barnanna á leikskólunum fjórum þar sem allar stelpurnar tuttugu og fimm voru með sítt eða millisítt hár. Tuttugu og átta strákar voru með stutt hár (90,3%) og þrír strákar voru með örlítinn lubba (9,67%) en þó ekki sítt heldur eins og langt hefði verið síðan þeir fóru í klippingu. Á Hjalla er öllum börnum gert að klæðast skólabúningum en þar eiga þau kost á að velja um rauðan eða bláan fatnað. Lítil munur var á strákunum en tveir voru í rauðum bol og þrír í bláum. Í tvö síðari skiptin var rætt við þá úti og voru þá allir í pollagöllum sem voru dökkir á litinn. Átta stelpur voru í rauðum bol og fjórar í bláum bol þegar rannsakendur hittu þær fyrst og ein stelpa var ekki í skólabúning en hún var í bleikum fötum. Munurinn sem sást á fatnaði barnanna á Hjalla fólst aðallega í því að stelpurnar voru í leggings eða pilsu en strákarnir voru í dökkum buxum. Þegar rannsakendur hittu börnin úti þá voru allir strákarnir í dökkum útifötum og stelpurnar í bleikum, rauðum og björtum litum.

Á hinum leikskólunum voru strákarnir klæddir í fótboltatreyju, íþróttagalla, markamannsföt, og almennt í dökk föt en einungis tveir voru í skærlituðum bolum, annar í gulum og hinn í appelsínugulum. Á einum leikskóla var náttfatadagur og þar var einn strákur í Spiderman-náttfötum, einn í Toy Story-náttfötum, einn í Manchester United-náttfötum, tveir í fótboltanáttbuxum og einn í lögreglunáttfötum. Tvær stelpur voru í náttfötum og var önnur þeirra í rauð-bleikröndóttum náttkjól en hin var í fjólublárrí treyju og í rauðum buxum. Á öllum leikskólunum fjórum voru í heildina þrjár stelpur í pilsu. Niðurstaðan er sú að fatnaður barnanna var mjög ólíkur á milli kynjanna (kynjaskiptur) nema á Hjalla. Á þeim leikskóla sást hins vegar munur á fatnaði barnanna úti en þar eru engir skólabúningar. Miðað við þessa niðurstöðu má segja að foreldrar eiga þátt í að kyngera börn sín með fatnaði, litavali og hárgreiðslu.


7.2. Uppáhaldslitir

Í nútíma þjóðfélagi hafa auglýsingar og markaðssetning áhrif á neytendur, jafnt börn sem fullorðna. Á sjötta áratug síðustu aldar var farið að klæða hvítvoðunga í bleik og blá föt til að aðgreina kynin en fram að því voru þeir allir klæddir í hvít (Mbl.is, 2007). Kolbrún Halldórsdóttir þáverandi alþingismaður lagði fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra árið 2007 um hvort kæmi til greina að breyta þeirri hefð að nýfædd börn væru aðgreind eftir kyni í bleik og blá föt og væru frekar klædd í hvít föt eins og áður tíðkaðist eða annan kynlausan lit (Kolbrún Halldórsdóttir, 2007). Rannsakendur hringdu á Fjórðungssjúkrahús Akureyrar til að

forvitnast hvernig þessu væri háttað í dag og fengu þau svör að sjúkrahúsin leggja ekki lengur til fatnað handa nýfæddum börnum heldur þurfa foreldrar að koma með hann sjálfir.

Í dag má sjá barnaherbergi stelpna og stráka innréttuð og máluð á ólíkan hátt jafnvel löngu áður en börnin eru nógu gömul til að láta í ljós eigin skoðanir. Ef skoðaður er fatnaður, skór, leikföng, húsgögn o.fl. þá má sjá hvernig kynjalitir eru markaðssettir fyrir stráka og aðrir fyrir stelpur. Dæmigerða kynjaliti má sjá í Latabæ þar sem aðalkarlhettjan er í bláum búning og aðalskvenhettjan er í bleikum kjól. Auk þess má heyra börn á leikskólaaldri tala um „stelpuliti“ og „strákaliti“. Því lék okkur forvitni á að vita hvort munur væri á uppáhaldslitum á milli kynja og á milli Hjallabarna og barnanna af hinum leikskólunum.

Þegar börnin voru spurð að því hver væri uppáhaldsliturinn þeirra svöruðu öll þeirra eða fimmtíu og sex talsins, þrjátíu og einn strákur og tuttugu og fimm stelpur. Sum barnanna nefndu fleiri en einn lit en einungis eitt barnanna sagðist ekki eiga neinn uppáhaldslit. Hver stelpa sagði frá einum upp í fjóra liti og hver strákur frá einum upp í fimm liti í uppáhaldi hjá sér. Í heildina nefndu stelpurnar fjörutíu og þrisvar sinnum uppáhaldslit og strákarnir fjörutíu og fjórum sinnum. Á mynd 1 má sjá heildartölur beggja kynja og samanburð þeirra á milli.




Mynd 1. Heildartölur beggja kynja þar sem þau svara spurningunni: „Hver er uppáhaldsliturinn þinn?“

Kynjaskiptingin er mjög greinileg hvað varðar bláa og bleika litinn. Tíu sinnum var bleikur (þar af er glimmerbleikur einu sinni) valinn hjá stelpunum sem vinsælasti liturinn eða í 23,25% tilfella en hann var aldrei valinn af strákunum. Blái liturinn var hins vegar vinsælastur hjá strákunum og næstvinsælastur hjá stelpunum. Strákarnir nefndu hann þrettán sinnum (þar af er gullblár einu sinni) (29,5%) og stelpurnar sjö sinnum (16,3 %). Rauði liturinn var í

þriðja sæti hjá báðum kynjum (ásamt svörtum hjá stelpunum) og var valinn fimm sinnum af stelpunum (11,6%) og sjö sinnum af strákunum (15,9%). Leiða má hugann að því hvort þetta tengist fótboltaáhuga en lið Liverpool, Manchester United, Arsenal og Þórs keppa öll í rauðum búningum. Stelpurnar nefndu svartan fimm sinnum (11,6%) á meðan hann var valinn tvisvar (4,5%) af strákunum. Grænn var annar vinsælastur hjá strákunum og var nefndur átta sinnum en þrisvar sinnum hjá stelpunum. Ein stelpa og einn strákur nefndu að allir litir nema bleikur væru í uppáhaldi hjá sér auk þess sem ein stelpa átti engan uppáhaldslit.

Á einum leikskólanna var gulllitur valinn tvisvar, silfur valinn þrisvar auk þess sem glimmerbleikur og gullblár voru nefndir. Þetta vakti forvitni rannsakenda og var leitað skýringar á því. Deildarstjóra hafði orð á því að mikið væri fönðrað með glimmer og skrautlega liti sem gæti haft áhrif á litaval þeirra.

Á mynd 2 má sjá samanburð á milli stelpnanna á Hjalla annarsvegar og hinum þremur leikskólunum hinsvegar.




Mynd 2. Samanburður uppáhaldslita stelpnanna á Hjalla og síðan á hinum leikskólunum þremur.

Tuttugu og fimm stelpur svöruðu spurningunni, fimmtán af Hjalla og tíu af hinum þremur leikskólunum. Í samanburði milli stelpna ber helst að nefna bláa litinn sem stelpurnar á Hjalla nefna sex sinnum (40%) sem einn af sínum uppáhaldslitum en hann er nefndur einu sinni (10%) hjá hinum stelpunum. Bleiki liturinn er nefndur fimm sinnum á Hjalla (33,3%) og fimm sinnum (50%) á hinum leikskólunum. Út frá þessum niðurstöðum má sjá að stelpurnar á

Hjalla eru síður bundnar við kynjalitina þar sem blár er talinn fyrir stráka og bleikur fyrir stelpur.

Á næstu mynd má sjá samanburð á svörum strákanna á Hjalla og svo strákanna af hinum leikskólunum þremur.



Mynd 3. Samanburður uppháaldslita á milli Hjallastráka við stráka af hinum leikskólunum.

Þrjátíu og einn strákur svaraði spurningunni, ellefu á Hjalla og tuttugu á hinum leikskólunum. Mestur munur er á bláa litnum en 50% strákanna af hinum leikskólunum nefna hann sem einn af sínum uppháaldslit en þrír af Hjalla, eða 27% nefna bláan sem sinn uppháaldslit.

7.3. Uppháaldsleikfang og/eða –leikur

Árið 2007 var gerð rannsókn á gífurlegum áhuga (*extremely intense interest*) barna á aldrinum ellefu mánaða til sex ára á vissri tegund leiks miðað við kyn. Af 177 börnum sem upprunalega voru skoðuð reyndist fimmtíu og eitt barn hafa gífurlegan áhuga á vissri tegund leiks og drengir voru þar í meirihluta eða þrjátíu og átta talsins. Yfir helmingur (57%) barnanna hafði sérstakan áhuga á leikföngum sem féllu innan staðlaðra ímynda um áhugasvið kyns þeirra, en drengir voru til dæmis einir um flokkana farartæki, lestar, vélar og risaeðlur. Stúlkur voru mjög ríkjandi þegar kom að áhuga á lestri og því að klæða sig í búninga og fara í þykjustuleik (*dress-ups*). Það sem kom rannsakendum hvað helst á óvart varðandi niðurstöður rannsóknarinnar var að foreldrar barnanna höfðu ekki haldið vissri tegund leikfanga að þeim (DeLoache, J. S. Simcock, G. og Macari, S., 2007). Þess ber að geta að þetta er mat

foreldranna sjálfra og því nauðsynlegt að taka því með fyrirvara en þetta gefur samt vísbendingu um hvernig áhugasvið kynjanna eru mismunandi.


Þegar börnin voru spurð um uppáhaldsleikfangið og/eða leikinn sinn urðu rannsakendur varir við kynslóðamuninn á milli sín og barnanna. Haft var í huga leiki eins og eltingarleiki, mömmuleik eða feluleik en sumir krakkanna héldu að átt væri við tölvuleik. Þar sem rannsakendum hafði ekki dottið sá möguleiki í hug að þau myndu skilja spurninguna á þennan veg var ákveðið að leiðrétta viðmælendur ekki heldur leyfa svörum þeirra að standa. Þess ber að geta að ekki er sérstakur greinarmunur gerður á leik og leikföngum og nefndu sumir nokkur atriði meðan öðrum datt ekkert í hug. Hér er fyrst og fremst verið að skoða kynjamun á tegund leikfanga og leikja.

Hér hafa leikir og leikföng verið flokkuð til að hægt sé að fá nokkra mynd af því hvort munur sé á áhugasviði kynjanna í þessum efnum. Þar sem þau fimmtíu og fimm börn, þrjátíu og einn strákur og tuttugu og fjórar stelpur, sem svöruðu spurningunni nefndu ótal margar gerðir leikfanga og leikja þá var reynt að flokka eftir bestu getu. Fram koma samtals fimmtíu og níu tegundir leikja og leikfanga og eru þær flokkaðar í tólf flokka sem verður gert frekari skil hér á eftir.

- Hreyfileikir: feluleikur og eltingarleikir ýmiss konar (Út út allir mínir fiskar, Dimmalimm o.fl.) og undir
- Teiknimyndaleikir: leikföng eða leikir sem fjalla um persónur sem einnig er að finna í teiknimyndum: Hello Kitty, Toy Story, Pony, Barbie, Bratz og Ben Ten.
- Kyrrstöðuleikir: leikföng og leikir sem krefjast ekki mikillar hreyfingar (þó vissulega séu undantekningar), til dæmis Legó-kubbar, Playmo-dót, risaeðlur, dúkkur og bangsar.

Aðrir flokkar, sem útskýra sig sjálfir, eru stríðsleikur/-dót; tölvuleikir. Eins og sjá má er erfitt að flokka leikina svo vel megi við una því flokkarnir skarast að vissu leyti. Sem dæmi þá gætu einhver leikföng innan teiknimyndaleikja-flokksins átt heima í kyrrstöðuleikja-flokknum. Einnig gæti Lego/Playmo-flokkurinn átt heima í kyrrstöðu-flokknum. En einhvers staðar varð að setja mörkin og hér hefur verið reynt að finna aðferð sem sýnir hvað best kynjamuninn í leikfangavali. Teiknimyndaleikja-flokkurinn hefur vissa sérstöðu þar sem markaðssetningin á leikföngunum er víðtækari vegna teiknimyndanna og kynjamunurinn í Lego-Playmo-flokknum töldum við geta skekkt niðurstöðurnar ef þær væru settar inn í kyrrstöðuleikja-flokkinn.

Á mynd 4 kemur fram hve margar stelpur og strákar nefna leikföng innan flokkanna. Fimm börn, fjórar stelpur og einn strákur, áttu sér ekkert uppáhaldsdót eða datt ekkert í hug þegar verið var að taka viðtal við þau og einn strákur gat ekki almennilega útskýrt sitt uppáhaldsleikfang fyrir okkur rannsakendum.



Mynd 4. Niðurstöður sem fengust þegar börn voru spurð: „Áttu eitthvað uppáhaldsdót eða uppáhaldsleik?“

Hægt er að sjá vissa tískustrauma í leikföngunum og þar ber helst að nefna Ben Ten sem var mjög áberandi í viðtölunum við börnin og fellur hann inn í teiknimyndaleikja-flokkinn. Strákarnir voru mjög hrifnir af honum en Ben er strákur sem á töfraúr sem gerir honum kleift að öðlast ofurkrafta ýti hann á takka þess. Einnig eru Bratz-dúkkur og Pony-hestar vinsælir hjá stelpunum. Stelpum sem finnst hreyfileikir skemmtilegastir eru næstum helmingi fleiri en strákarnir. Svo eru klassísk leikföng eins og Lego-kubbar og Playmo-dót sem virðist standast tímans tönn en fjórir strákar nefndu annað hvort eða bæði og ein stelpa, þau leikföng virðast því mun vinsælli meðal strákanna. Sex strákar svörðu því að uppáhaldsleikurinn þeirra væri tölvuleikur en engin stelpa.

Leikföng í dag eru oft markaðssett þannig að þau veki gífurlegan áhuga og oft er reynt að fara inn á mörg svið markaðarins, til dæmis með framleiðslu sjónvarpsefnis og fatnaðar auk leikfanganna. Áhugi barnanna sem tóku þátt í rannsókninni fellur ekki utan við staðlaðar

ímyndir um áhugasvið kyns þeirra. Annars sátu strákar einir um flokka eins og stríðsleiki, bíla og fjarstýrð leikföng þó vissulega hafi fáir strákar verið í hverjum þeirra. Einnig var eina barnið sem nefndi risaeðlur strákur en það kemur fram í textanum hér að ofan að þær flokkuðust undir kyrrstöðuleiki. Stelpur sitja einar um flokka eins og mömmó og föndur. Þetta kallast að verulegu leyti á við niðurstöður úr erlendri rannsókn sem kynnt var hér fyrst í kaflanum.


Í sex tilfellum nefndu strákar tölvuleiki sem uppáhaldsleikinn sinn eða 19,4% strákanna og því ber að halda til haga að ekki var verið að spyrja beint um tölvuleiki (sami fjöldi stráka nefndi hreyfileiki). Árið 1998 skoðaði Sólveig Jakobsdóttir kynjamun á viðhorfum og færni í tölvunotkun meðal nemenda í 5. – 10. bekk. Rannsóknin sýndi umtalsverðan kynjamun og kom í ljós að bilið breikkaði eftir því sem ofar dró í aldri. Á unglingsstigi höfðu strákarnir jákvæðara viðhorf til tölvunotkunar, þeir höfðu meira sjálfstraust varðandi færni sína auk þess sem þeir notuðu tölvur meira en stelpur (Sólveig Jakobsdóttir, 1999:119). Nemendur voru beðnir um að meta færni sína í fjórtán atriðum og töldu stelpur sig aðeins jafnvígar strákum í einu, að vista skjöl. Annars töldu þær sig eftirbáta strákanna (Sólveig Jakobsdóttir, 1999:131). Hér er komið enn eitt atriðið sem áhugavert væri að skoða enn frekar og þá jafnvel hjá yngri nemendum.

7.4. Heimilisstörf – matseld

Ein af þeim spurningum sem börnin voru spurð að var: „Hver finnst þér að eigi að elda oftast matinn, mamman eða pabbinn?“. Í framhaldi af því voru þau spurð hvernig hlutunum væri háttað á þeirra heimili. Fljótlega kom í ljós að þrátt fyrir að spurningin sé orðuð með orðunum „mamman“ og „pabbinn“ með greini og að lögd væri töluverð áhersla á að bera það skýrt og greinilega fram þá svöruðu þau oftast „mamma“ eða „pabbi“ án greinis. Þau virðast hafa átt erfitt með að fjarlægja sig úr eigin heimilisaðstæðum og einungis þrjú börn, tveir strákar og ein stelpa, svöruðu með greini. Oft svöruðu þau þannig að greinilegt var að þau voru að tala um hver eldaði heima hjá þeim, til dæmis hann Sigurður sem svarar spurningunni á þessa leið: „Sko, [...] á laugardögum þá gerir pabbi það af því að þá er mamma bara alltaf í vinnunni. En oftast svona á öðrum dögum þá þarf mamman að gera það af því að sko pabbi minn er í vinnunni allan daginn“. Þarna má sjá að Sigurður segir „mamman“ en á við mömmu sína.

Þess ber að geta að ekki var tekið tillit til þess hvort börnin bjuggu hjá öðru foreldri eða báðum. Allflest þeirra bjuggu hjá báðum foreldrum en þar sem fjölskylduaðstæður geta verið margvíslegar þá var ekki talið æskilegt að spyrja út í þær í svo stuttum viðtölum. Það


kom til dæmis fram hjá strák sem bjó hjá móður sinni að kærasti hennar eldaði oftast matinn. Það hefði því verið of flókið mál að halda utan um þessi atriði svo vel mætti vera í svo lítilli rannsókn. Á mynd 5 má sjá heildartölur beggja kynja.



Mynd 5. Heildartölur beggja kynja þar sem þau svara spurningunni: „Hver finnst þér að ætti að elda matinn oftast, mamman eða pabbinn?“


Tuttugu og tvær stelpur og þrjátíu strákar svöruðu spurningunni eða fimmtíu og tvö börn. Rúmlega 42,3% barnanna, eða tuttugu og tvö börn, sögðu að þeim fyndist að mamma/n ætti að elda matinn. Í sextán tilfellum sögðu þau pabbi/nn (30,8%), níu fannst að bæði ættu að sinna matseldinni (17,3%) og þrír vildu algjöra samvinnu og sögðu allir (5,8%). Einn strákur vildi að amma sín eldaði oftast matinn og annar vissi það ekki (3,8%).

Á næstu myndum er búið að sundurgreina kynin og síðan setja inn hver eldar á heimilum barnanna samkvæmt þeim.



Mynd 6. Kynjaskiptingin í svörum við spurningunni: „Hver finnst þér að ætti að elda matinn oftast, mamma eða pabbinn?“

Kynjaskiptingin á svörum við spurningunni er ekki áberandi eins og sjá má á mynd 6 en í raun er niðurstaðan nokkuð skekkt vegna munarins á fjölda stráka og stelpna og það má sjá þegar prósentutölur eru skoðaðar. Ellefu strákar og tólf stelpur, eða 37,7% stráka og 54,5% stelpna, töldu að mamma(n) ætti að elda oftast matinn en átta strákar og sjö stelpur, eða 26,7% stráka og 31,2% stelpna, töldu að pabbi(nn) ætti að elda matinn. Stelpur eru því töluvert hliðhollari því að mæður þeirra sinni matseldinni. Töluvert fleiri strákum finnst að báðir foreldrar eigi að sinna þessu starfi á heimilum sínum eða átta (26,7%) á móti tveimur stelpum (9,1%). Tveir strákar (6,7%) og ein stelpa (4,5%) telja alla fjölskylduna eiga að vinna verkið saman.



Mynd 7. Heildartölur beggja kynja þar sem þau svara spurningunni: „Hver eldar oftast matinn heima hjá þér?“

Á mynd 7 má svo sjá hver eldar matinn í raun á heimilum barnanna samkvæmt þeirra svörum. Þrjátíu börn svara því til að mamma þeirra eldi matinn, ellefu að pabbi geri það, tíu að bæði geri það en undir það flokkast líka þegar foreldrar elda til skiptis og í tveimur tilfellum var það einhver annar sem sá um matseldina, í öðru tilfelli kærasti móður barnsins og í hinu amma þess. Ef bornar eru saman mynd 6 og mynd 7 þá má sjá að börnin myndu gjarnan vilja sjá meira af feðrum sínum við eldamennsku. Þetta vakti forvitni rannsakenda og ákveðið var að skoða betur hvatann á bakvið það. Voru börnin orðin svona jafnréttissinnuð eða var eitthvað annað sem lá þarna að baki? Einnig má taka það fram að það átti sér líka stað að börnin vildu að mamma sín eldaði oftast á heimilum þar sem pabbarnir sinntu aðallega því starfi á heimilinu.

Í ellefu tilfellum var það mjög skýrt að börn vildu að það foreldri sem sér um eldamenskuna á heimilum þeirra viki fyrir hinu foreldrinu. Börnin voru spurð að því hvort það foreldri sem þau vildu að tæki við starfinu eldaði einhvern tíma. Í átta tilfellum kom það mjög skýrt fram að hitt foreldrið eldaði stundum matinn. Börnin voru spurð að því hvort viðkomandi foreldri eldaði og það var undantekningalaust eitthvað sem barninu fannst mjög góður matur, eins og pylsur, hamborgarar, pítur eða grjónagrautur, sem var uppáhald einnar stelpunnar.

Eins og fyrr sagði þá var viðtalsferlið nokkuð lifandi og reyndu rannsakendur að læra af því og fylgja eftir nýjum spurningum sem vöknuðu. Farið var jafnvel aftur og sömu börnin


spurð viðbótarspurninga. Stundum sköruðust spurningarnar og þá kom ýmislegt í ljós varðandi svör barnanna. Tveir strákar voru til dæmis spurðir tvisvar sinnum um það hver eldaði oftast heima hjá þeim og svör þeirra voru ekki þau sömu bæði skiptin. Annar þeirra sagði mömmu sína í aðalhlutverki í matseldinni í fyrra skiptið en báða foreldra í seinna skiptið og hinn sagði í fyrra skiptið foreldra sína alltaf elda saman en í það seinna að þau skiptist á. Þetta vekur upp þá spurningu hvort hægt sé að mæla þessa hluti hjá börnum á þessum aldri með svo stuttum viðtölum. Þetta hefði verið efni í frekari rannsóknir því vissulega er ekki hægt að ákvarða neitt út frá svörum tveggja barna og segja má að svar seinni stráksins séu í raun keimlík.

Niðurstöðurnar eru þær að mæður sinna eldamennsku í töluvert meiri mæli en feður þó börnin væru til í að sjá meira af þeim við matseldina. Vinsældir pabbanna virðast þó að miklu leyti byggðar á því að þeir elda „betri“ mat og má í því samhengi nefna vinsældastuðulinn í húsverkunum, það þegar annað foreldrið sinni vinsælli hlutverkum en hitt en hér verður ekki frekar rætt um það.

7.5. Bestu vinir og vinkonur

Vinátta er mikilvæg. Vinir geta aukið sjálfstraust og vellíðan (Santrock, J. W., 2011:335) auk þess sem samskipti við jafnaldra eiga stóran þátt í þroska barna (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007:299). Það sama nær yfir vináttu ungs fólks og þess sem eldra er, það er oft margt líkt með vinum: „Í gegnum barnæskuna eru vinir frekar líkir en ólíkir þegar kemur að aldri, kyni, kynþætti og fleiri þáttum. Vinir hafa oft svipuð viðhorf gagnvart skóla, álíka mikinn metnað í námi og svipuð markmið“ (Santrock, J. W., 2011:335). Þeir sem ekki eiga vini eiga oft erfiðara uppdráttar félagslega og líður andlega verr (Santrock, J. W., 2011:336). Jafnframt getur vinaleysi í æsku orðið viðvarandi og valdið félagslegum og sálrænum vandamálum á fullorðinsárum (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007:302).



Fimmtíu og fjögur börn, tuttugu og níu strákar og tuttugu og fimm stelpur, svöruðu spurningunni: „Áttu besta vin og/eða bestu vinkonu?“. Hér á eftir kemur fram hvernig kynjaskiptingin var í svörunum en til gamans er auk þess svör nemendanna á Hjalla borin saman við svör nemenda hinna þriggja leikskólanna. Í því samhengi veltum við því fyrir okkur hvort tengsl kynjanna séu veikari á leikskóla þar sem þau eru aðskilin stærstan hluta dags en í skóla þar sem kynin eru saman allan daginn. Hér á **mynd 8** má sjá hvernig börnin svöruðu á öllum fjórum leikskólunum og er svörunum skipt eftir kynjum.



Mynd 8. Svar barnanna við spurningunni: „Áttu besta vin og/eða vinkonu?“

Flestir stráka eða 72,4% þeirra sögðust eiga besta vin eða vini. Þrír þeirra (10,3%) sögðust eiga bestu vinkonu og aðrir þrír (10,3%) sögðust eiga bæði besta vin og bestu vinkonu. Tveir (6,9%) sögðust hvorki eiga besta vin né bestu vinkonu. Það vekur athygli að tveir af þeim þremur strákum sem sögðust eiga bestu vinkonu eru eftir á í málþroska. Tölurnar hjá stelpunum eru langt frá því að vera eins afgerandi og hjá strákunum. Þrettán stelpur, eða rúmlega helmingur þeirra (52%), á bestu vinkonu eða vinkonur. Ein þeirra (4%) á besta vin en níu (36%) eiga bæði besta vin og vinkonu. Tvær þeirra (8%) segjast eiga hvorugt. Stelpurnar virðast samkvæmt þessum niðurstöðum opnari fyrir vináttu við bæði kyn, í það minnsta enn sem komið er.

Hér að neðan má sjá samanburð á báðum kynjum annarsvegar á Hjalla og hinsvegar hinum þremur leikskólunum.



Myndir 9 og 10. Samanburður á vinavali beggja kynja á Hjalla annars vegar og hinum þremur hinsvegar.


Á Hjalla voru tíu strákar og fimmtán stelpur spurðar hvort þær ættu besta vin og/eða vinkonu og á hinum leikskólunum samanlagt voru strákarnir nítján talsins og stelpurnar tíu. Sjö strákar (70%) á Hjalla og fjórtán (73,7%) á hinum leikskólunum sögðust eiga besta vin. Þegar prósentutölurnar eru skoðaðar má sjá að nánast enginn munur er á þeim. Einn strákur (10%) á Hjalla segist eiga bestu vinkonu en tveir (10,5%) á hinum leikskólunum og eru tölurnar því sambærilegar en þó mjög lágar. Engir strákar á Hjalla segjast eiga bæði bestu vinkonu og besta vin en það gera þrír strákar (15,8%) á hinum. Að lokum eru tveir strákar á Hjalla (20%) sem segist hvorki eiga besta vin né bestu vinkonu en enginn í hinum skólunum.

Ein stelpa á Hjalla svarar því að hún eigi besta vin og gerir það 6,7% en engin stelpa á hinum leikskólunum svarar á þá leið. Bestu vinkonu eiga átta stelpur (53,3%) á Hjalla og fimm (50%) á hinum þremur og eru þær tölur sambærilegar. Fimm (33,3%) stelpnanna á Hjalla segjast eiga bæði besta vin og bestu vinkonu og fjórar (40%) á hinum leikskólunum. Ein stelpa í hvorum hóp segist hvorki eiga besta vin né bestu vinkonu eða 6,7% á Hjalla og 10% á hinum leikskólunum.

Helsti munur á tölunum frá þessum tveimur hópum barna er fjöldi stráka sem segist bæði eiga besta vin og vinkonu en á Hjalla er enginn strákur sem segist eiga bæði en á hinum leikskólunum 15,8% strákanna. Að öðru leyti eru tölurnar frá skólunum sambærilegar og ekki er hægt að sjá á niðurstöðunum að kynjaskiptingin hafi letjandi áhrif á vináttubönd milli kynja á Hjalla. Þessi aldursflokkur virðist að miklu leyti byrjaður að draga sig að sama kyni í leit að vináttu.

7.6. Mat á eigin hæfileikum

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður úr úrvinnslu svara við spurningunni: „Er eitthvað sem þú ert rosalega góð/ur í?“. Jafnframt því sem kynjaskiptingin í öllum skólunum til samans er skoðuð þá er farið stuttlega yfir samanburð á Hjalla og hinum leikskólunum þremur. Hér að neðan, á **mynd 11** má sjá hvernig skiptingin er:



Mynd 11. Samanburður á svörum kynjanna við spurningunni: „Er eitthvað sem þú ert rosalega góð/ur í?“ auk samanburðar á svörum beggja kynja á Hjalla annarsvegar og hinum þremur leikskólunum hinsvegar.

Í allt svöruðu fimmtíu og eitt barn spurningunni: „Er eitthvað sem þú ert rosalega góð/ur í?“, tuttugu og þrjár á Hjalla og tuttugu og átta á hinum leikskólunum. Strákarnir voru tuttugu og níu talsins, níu á Hjalla og tuttugu á hinum, og stelpurnar tuttugu og tvær, fjórtán á Hjalla og átta á hinum. Mikill meirihluti barnanna sagðist góður í einhverju eða tuttugu og sjö strákar (93,1%) og tuttugu stelpur (90,9). Tveir strákar (6,9%) og tvær stelpur (9,1%) svöruðu spurningunni neitandi. Á Hjalla töldu öll börnin, bæði strákar og stelpur, sig rosalega góð í einhverju. Á hinum leikskólunum sögðust átján strákar (90%) og sex stelpur (75%) góðar í einhverju en tveir strákar (10%) og tvær stelpur (25%) svöruðu spurningunni neitandi. Töluverður munur er á stelpunum á Hjalla og hinum leikskólunum og gæti það verið vísbending um að uppbótar-áhersla Hjallastefnunnar beri nokkurn árangur.

Algengt var að börnin tengdu hæfileika sína við þær íþróttir sem þau stunda eins og sjá má á svári eins stráksins: „Ég er góður að gera flikk. Ég er búinn að æfa fimleika í fjögur ár eða frá því ég var þriggja ára“. Og ein stelpa sagði: „Ég er góð að dansa, líka synda, ég fékk meira að segja verðlaunapening einu sinni“. Tuttugu börn (37,7%) tengdu hæfileika sína

við þá íþrótt sem þau stunda, ellefu stelpur (50%) og níu strákar (31%). Þrjátíu og tvö barnanna (62,7%) stunda annaðhvort eina eða fleiri íþróttagreinir sem gefur til kynna að krakkar á þessum aldri hafa nóg fyrir stafni eftir leikskólatíma eða/og um helgar. Sum börn tengdu hæfileika sína við það sem aðrir hafa sagt við þau: „Ég er góð að lita og leika mér ein“, sagði ein stelpa en þessi sama stelpa ætlar að verða listakona því „mamma sagði að ég væri flink að lita“. Önnur börn tengja hæfileika sína við áhugamálin eins og einn sagði: „Já ég er góður í tölvuleikjum og svo er ég líka góður að spila á DVD og á flakkara“.

7.7. Draumastarfið

Í grein eftir Guðbjörgu Vilhjálmsdóttir lektor við Háskóla Íslands kemur fram að það má sjá kynjamun bæði í náms- og starfsáhuga. Stelpur stefni á þjónustustörf, kennslu og störf á heilbrigðissviði en strákar á iðnaðarstörf, verkfræði- og eðlisfræðistörf. Samkvæmt Guðbjörgu sýna niðurstöður rannsókna að kynin hugsi ólíkt um störf út frá áhuga, virðingu og tekjum (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005:8-9). Í rannsókn sem Agnes Ósk Snorradóttir gerði fyrir lokaritgerð sína í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands skoðaði hún hugmyndir leikskólabarna um framtíðarstarf. Þar spurði hún meðal annars tuttugu og sex börn á aldrinum 3-6 ára hvað þau vildu verða þegar þau yrðu stór og fylgdist með þeim að leik. Þar kom fram talsverður kynjamunur en einnig gáfu niðurstöður til kynna að hugmyndir barna byrja að þróast á leikskólaaldri og að á síðasta ári leikskóla fara hugmyndir barna um störf að vera raunsæ. Í ljósi þess að „[þ]róun starfsferils byrjar með hugmyndum barnsins um eigin framtíðarstörf og stöðu“ (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:3) telur Agnes tímabært að hefja starfsfræðslu strax á fyrstu stigum skólagöngu (Agnes Ósk Snorradóttir, 2010:71).


Rannsakendur langaði til að kanna hvar áhugasvið stelpna og stráka lægi varðandi framtíðarstarfið og voru börnin spurð spurningarinnar: „Hvað viltu verða þegar þú verður stór?“. Með þessari spurningu var verið að kanna hvaða störf hrífa þau eða þeim þykir eðlilegt að ganga í og hvort hin hefðbundnu kynhlutverk myndu falla að áhugasviði þeirra. Öll börnin, fimmtíu og sex talsins svöruðu spurningunni. Til að fá vísbendingu um hvort svarið stæði á föstum grunni var ákveðið að spyrja hluta þeirra eða tuttugu og níu börn, aftur sömu spurningarinnar tveimur mánuðum síðar. Tuttugu þeirra eða 68,96% nefndu aftur það sama sem gefur vísbendingu um að svörin séu ekki gripin úr lausu lofti.

Hér hafa störf verið flokkuð til að hægt sé að fá mynd af því hvort munur sé á áhugasviði kynjanna varðandi draumastarfið. Ljóst þykir að börn á þessum aldri hugsi störfin ekki út frá námi heldur út frá hugmyndum um staðalímyndir en til að geta flokkað þau í

sundur á einhvern hátt var þeim skipt í sex greinar: skapandi grein, þjónustugrein, sérmenntaðir, sérfræðingar, íþróttagrein og annað.

- Skapandi greinar: listafólk, söngvarar, ballerínur, leikarar, listmálarar og leikhússtjóri.
- Þjónustugreinar: slökkviliðsmenn og lögreglumenn.
- Sérgreinar: hárgreiðslukona, flugkona, flugmaður, flugstjóri, rafeyrakall (rafvirki), smíðamaður, bakari og rafmagnskall.
- Sérfræðingar: læknar, dýralæknar, tannlæknar, dýrafræðingar, kennarar, leikskólakennarar, uppfinningamenn og vísindamenn.
- Íþróttagrein: fimleikafólk, fótboltaþjálfarar, kappakstursmenn og krossaramenn (krossari er torfæru-mótorhjól).
- Annað: það sem er ólíkt öðru eins og kúrekastelpan, kúreki, 10 ára, fara í Lundarskóla, vinnumaður, veiðimaður, bóndakona og Tottenham-aðdáandi.

Sex börn, fjórar stelpur og tveir strákar, voru ekki búin að ákveða hvað þau langaði til að verða þegar þau yrðu stór. Sjö barnanna nefndu fleiri en eitt draumastarf, fimm þeirra völdu störf sem falla undir sömu grein miðað við þessa flokkun og tvö völdu störf sem falla ekki undir sömu grein. Aðeins það starf sem þau nefndu fyrst kemur fram í súluritinu en aðrar upplýsingar um störfin sem þau nefndu koma fram textanum innan sviga. Á myndinni fyrir neðan má sjá mun kynjanna á draumastarfinu.



Mynd 12. Samanburður á svörum kynjanna við spurningunni: „Hvað viltu verða þegar þú verður stór?“

Í flokki listgreina eru átta stelpur (38%) og einn strákur (3,2%) en hann ætlar að verða leikhússtjóri. Stelpurnar ætla að verða listmálari, málningarkona, ballerína, listakona, leikari og þrjár ætla að verða söngkonur (ein nefnir líka: málarakona, ballettkona og sundkona).

Í flokki þjónustugreina eru fjórar stelpur (16%) og átta strákar (25,8%). Tíu af þeim ætla að verða lögga, sjö strákar og þrjár stelpur. Einn strákur og ein stelpa ætla að verða slökkviliðsmaður. Spurt var á einum leikskóla hvort börnin hefðu nýlega fengið heimsókn frá lögreglufólki, þar sem óvenju mörg þeirra nefndu það sem sitt draumstarf, en engin lögregla hafði nýlega sótt leikskólann sem hefði getað haft áhrif á val þeirra.

Í flokki sérgreina eru tvær stelpur (8%) og fimm strákar (16%). Önnur stelpnanna ætlar að verða hárgreiðslukona og hin flugkona. Strákarnir nefndu starfsheitin rafmagnsmaður (og smíðamaður), flugstjóri, bakari, flugmaður og rafvirki.

Í flokki sérfræðinga eru fjórar stelpur (16%) og sex strákar (19,4%). Það er ekki að sjá mikinn mun á milli kynjanna í þessum flokki. Tvær stelpur ætla að verða læknar, ein ætlar að verða dýralæknir og ein leikskólakennari. Tveir strákar ætla að verða vísindamenn, einn ætlar að verða læknir, einn kennari, einn dýrfræðingur og einn uppfinningamaður.

Í íþróttaflokknum er ein stelpa (4%) og þrír strákar (9,7%). Stelpan ætlar að verða fimleikakona, einn strákur ætlar að læra á krossara (og fjórhjól og rallýjeppa), annar ætlar að


verða fótboltaþjálfari og sá þriðji ætlar að verða kappakstursbílamaður (og krossaramaður). Í flokknum sem kallast *annað* eru tvær stelpur og sex strákar.

Af svörum barnanna má sjá að þau skildu ekki alltaf spurninguna þegar þau voru spurð hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór. Einn svaraði: „Þegar ég verð stór ætla ég að vera hjá pabba, Tottenhamaðáandi. Þá verð ég stærri en Siggi“. Þegar hann var spurður um hvort hann ætlaði að vinna við það, þá svaraði hann: „Ég ætla að vinna Chelsea“. Að vera stór þýðir ekki það sama hjá öllum eins og sést á svörum tveggja drengja; annar ætlar að verða tíu ára þegar hann verður stór og hinn ætlar að fara í Lundarskóla. Ákveðið var að breyta orðalaginu og spyrja þá hvort þeir væru búnir að ákveða hvað þá langaði að vinna við þegar þeir yrðu fullorðnir, þá svaraði annar: „Já, pabbi“ og hinn sagði: „Legomaður“. Einn strákur ætlar að verða veiðimaður „...til að skjóta dýr og hafa í matinn“ og einni stelpu dreymir um að verða bóndakona. Einum fannst kúrekastarfið mest heillandi og einni stelpu fannst það líka, en hún stefnir á að verða kúrekastelpan Dísu, sem flestir þekkja úr seinni tveimur Toy Story-teiknimyndunum.

Flest börnin voru spurð hvort þau þekktu einhvern sem starfaði við þeirra draumastarf og voru svörin misjöfn. Nokkrir strákar vildu vinna við það sama og pabbi, frændi eða afi þeirra. Einn strákur sem ætlar að verða læknir svaraði neitandi þegar hann var spurður hvort hann þekkti einhvern lækni en bætti við „...en ég hef farið til læknis og tannlæknis“. Sá sem ætlar að verða flugstjóri sagðist eiga frænda sem væri að vinna í flugvél og ein stelpa ætlar að verða lögga eins og pabbi hennar. Af öllum fimmtíu og sex börnunum var enginn sem sagðist ætla að vinna við það sama og mamma þeirra en ein sagðist ætla að verða flugkona eins og frænka hennar og önnur stelpa sagðist þekkja konu sem væri hárgreiðslukona eins hún ætlar að verða.

Börnin voru flest með skýrar hugmyndir varðandi framtíðarstarfið þrátt fyrir að þekkja ekki alltaf starfsheitin en samkvæmt þessari rannsókn má sjá greinilegan kynjamun á starfsvali barnanna. Allir strákarnir velja störf sem myndi flokkast undir karlastörf nema einn sem vill verða kennari og annar sem vill verða leikhússtjóri. Stelpurnar hins vegar velja bæði svokölluð karla- og kvennastörf. Þess vegna er nauðsynlegt að hefja starfsfræðslu strax í leikskóla til að breyta rótgrónum hugmyndum eða staðalímyndum varðandi störf og starfsval. Allir ættu að hafa rétt á því að velja sér starfsvettvang út frá áhugasviði og telja rannsakendur meiri líkur á að fólk geri það ef börnum er snemma sýnt fram á fjölbreytt starfsval hjá báðum kynjum.


Á mynd 13 má sjá samanburð stelpna af Hjalla og hinna stelpnanna af leikskólunum þremur.



Mynd 13. Samanburður á svörum stelpna á Hjalla annarsvegar og á hinum leikskólunum hinsvegar við spurningunni: „Hvað viltu verða þegar þú verður stór?“

Stelpurnar eru tuttugu og fimm talsins, fimmtán á Hjalla og tíu á hinum leikskólunum. Mestan mun má sjá milli stelpna í listgreinaflokknum en þar eru sjö stelpur af Hjalla (46,7%) en ein af hinum leikskólunum (10%). Í flokki þjónustugreina og sérfræðigreina var ein stelpa á Hjalla (6,7%) en þrjár af hinum leikskólunum (30%).

Á mynd 14 má sjá samanburð á milli strákanna af Hjalla og hinna strákanna af leikskólunum þremur.



Mynd 14. Samanburður á svörum strákanna á Hjalla annarsvegar og á hinum leikskólunum hinsvegar við spurningunni: „Hvað viltu verða þegar þú verður stór?“

Strákarnir eru samtals þrjátíu og einn, ellefu á Hjalla og tuttugu á hinum leikskólunum. Hjá strákunum má sjá mestan mun í sérfræðigreininni en þar eru fimm strákar af hinum leikskólunum (25%) og einn af Hjalla (9%). Undir þjónustugrein eru fimm stákar af hinum leikskólunum (25%) og þrír strákar af Hjalla (27%) sem gerir þá niðurstöðu sambærilega.

8. Umræða

Vinnsla rannsóknarinnar sem og fræðileg vinna með heimildir var að öllu leyti mjög skemmtileg og fróðleg. Við fengum góða innsýn í hvernig krakkar í dag hugsa og komumst líka að því að sex ára gömul börn hafa sterkar skoðanir. Svo virðist sem félagsleg áhrif séu búin að móta skoðanir barna þó nokkuð á þessum aldri en það má sjá bæði á útliti þeirra og vali á draumastarfinu. Þess vegna teljum við nauðsynlegt að hefja starfsfræðslu strax í leikskóla til að breyta rótgrónum hugmyndum eða staðalímyndum varðandi störf og starfsval. Allir ættu að hafa rétt á því að velja sér starfsvettvang út frá áhugasviði og við teljum meiri líkur á að fólk geri það ef fjölbreytt starfsval hjá báðum kynjum er kynnt snemma fyrir börnum.

Við teljum brýnt að ná til þeirra snemma með fræðslu um jafnrétti en þó fyrst og fremst meðvitaðri framkomu gagnvart þeim. Þróunin er gífurlega hröð og engin leið er fyrir okkur, þó við séum langt frá því að vera háaldraðar, að setja okkur í þeirra spor. Þá ber

sérstaklega að nefna það mikla áreiti sem börn verða fyrir frá fjölmiðlum sem getur haft áhrif á hugsun, hegðun og langanir barnanna. Fjölmiðlar hafa þar að auki mikil áhrif varðandi stöðu kynjanna en algengt er að þeir styðji við staðalímyndir sem skýra og réttlæta m.a. kynjamisrétti. Börn eru stór markaðshópur og þrátt fyrir að þau hafi ekki fjárræði þá hika auglýsendur hvergi við að gera sitt til að höfða til þeirra og verslunareigendur reyna að freista þeirra eins og þeir geta. Leikfangaverslanir eins og Toys'R'us eru með augljósa kynjaskiptingu á leikföngum í búðum sínum sem viðheldur því að börn hafa ekki öll jafnt val.

Það sést á fatavali krakkanna að það virðist auðveldara fyrir stelpur að klæða sig í dekkri föt en það er fyrir stráka að klæðast bjartari litum. Út frá þessu má draga þá ályktun að það geti verið mun erfiðara fyrir stráka að fara í „stelpudeild“ leikfangaverslunar til að velja sér leikföng en það er fyrir stelpu að fara í „strákadeildina“. Það sama er upp á teningnum varðandi íþróttaiðkun þar sem stelpur eru farnar að æfa allar gerðir íþróttar en strákar virðast eiga erfiðara með að stunda íþróttir þar sem stelpur hafa verið lengi í meirihluta eins og t.d. ballett eða listskauta.

Það er vissulega skref í rétta átt að lög um aukið jafnrétti hefur verið samþykkt og meðvitund vakin. En það er ekki nóg. Vitaskuld má segja að þegar búið sé að taka laga-skrefið þá sé ekkert annað en að hefja aðgerðirnar. Þá má benda á fimmtíu ára gömul lög um rétt kynjanna til jafnra launa sem okkur hefur ekki enn tekist að framfylgja og virðist nokkuð ljóst að betur má ef duga skal. Taka þarf af ákveðni á málunum.

Mjög mikilvægt er að auka fræðslu og brýnast er að okkar mati byrja á að fara af miklum krafti í að auka jafnréttisfræðslu þvert á öll fög í allri kennslufræði auk þess sem bætt verði inn námskeiðum sem beinast einkum að kynjafræði. Það er forsenda framfara að starfsmenn skólanna, sem börnin eyða stórum hluta æsku sinnar í, séu meðvitaðir um mikilvægt hlutverk sitt. Ef kennarar hafa fengið kennslu í kynjafræðum er líklegra að þeir noti þá vitneskju til að stuðla að jafnrétti með því að ögra staðalímyndum. Skiptar skoðanir eru á því hvort kyn kennara skipti miklu máli í þessu samhengi.

Því er stundum haldið fram að skortur á karl kennurum í leik- og grunnskólum sé vandamál sem bitni frekar á strákum en stelpum. Vandinn sé tilkominn vegna skorts á fyrirmyndum sem strákar þurfi á að halda og þá sérstaklega synir einstæðra mæðra. Ingólfur Á. Jóhannesson, doktor í menntunarfræðum, telur þessi sjónarmið vera orðin að þrástefi í orðræðunni sem eigi ekki við rök að styðjast. Hann bendir á að vandamálið sé frekar skortur á menntuðum kennurum víða um land heldur en skortur á karl kennurum. Ingólfur segir að með því að líta á skort á „kennslukörlum“ í skólum sem sérstakan vanda sé verið að gera lítið úr

starfi og hæfni kennslukvenna til að kenna börnum af báðum kynjum (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2004:115). Auk þess bendir hann á að betra sé að nota hugtakið *fordæmi* í stað orðsins *fyrirmynd* því það sé í raun byggt á úreltum kenningum um mismunandi hlutverk kynjanna sem gera ráð fyrir að hlutverk kvenna og karla séu ólík (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2004:120).

Mindy Blaise, doktor í menntunarfræðum, telur að kennarar þurfi stöðugt að taka nýjum áskorunum og vera opnir fyrir ólíkum hugmyndum sem geta verið gegn hinni ríkjandi orðræðu. Þeir þurfa að taka áhættu þegar þeir fást við að ögra og endurskoða ríkjandi hugmyndir varðandi kennslu ungra barna og almennan skilning á kyngervi (Blaise, M., 2005: 33). Það er okkar reynsla að þegar fólk fær fræðslu, þá opnast augu þess. Eins og Helga María Þórarinsdóttir, verkefnisstjóri jafnréttisverkefnisins á leikskólanum Lundarseli á Akureyri, sagði: „Við höldum að allt væri svo fullkomið hjá okkur en við rákum okkur á ýmislegt, til dæmis þegar strákur kom í nýjum strigaskóm þá var sagt við hann að nú yrði hann rosalega fljótur að hlaupa en þegar stelpa kom í nýjum strigaskóm þá voru þeir svo fallegir eða eitthvað slíkt“ (Helga María Þórarinsdóttir munnleg heimild, 19. apríl 2011). Aukin fræðsla gefur fólki í hendur kynjagleraugun sem er svo mikilvægt að við höfum ávallt á nefinu ef við eigum að ná framförum. Mennt ER máttur.

Það verður að vera á kristaltæru að ekki sé verið að reyna að steypa alla í sama mót heldur gefa leyfi á fjölbreytileikann. Ekki er verið að mælast til þess að allar stelpur verði smiðir og að allir strákar verði hjúkrunarfræðingar eða að allar mömmur kunni að gera við bíla og allir pabbar að elda mat. Þetta snýst um að möguleikarnir séu þeir sömu, að börn viti að þau geti valið það sem þau vilja gera burtséð frá ríkjandi viðhorfum í samfélaginu eða öðru, eins og launum. Svo við vitnum aftur í Helgu Maríu: „Fólk var að spyrja: *Ætliði að fara að skipta ykkur af því hver vaskar upp heima hjá fólki?* Nei, alls ekki. [...] [Aðalatriðið] er bara að allir séu jafnir. Að það loki hvergi á óskir eða drauma. Að mig geti bara dreymt, hvort sem ég er karlmaður eða kvenmaður um það sem ég vil, að kynið mitt loki aldrei á eitt eða neitt“ (Helga María Þórarinsdóttir munnleg heimild, 19. apríl 2011). Til að jafnrétti geti orðið að veruleika þá þarf samfélagið allt að taka þátt, foreldrar, vinir, skólakerfið og vinnumarkaðurinn. Besta leiðin er þó að kenna ungum börnum jafnréttishugsun sem mun festa rætur í menningunni og verða hluti af viðhorfum allra í þjóðfélaginu.

Við framkvæmd og úrvinnslu rannsóknarinnar komumst við að því að það er til hafsjór af áhugaverðu rannsóknarefni sem getur hjálpað okkur að taka skref í átt að jafnrétti

svo það er mikið verkefni fyrir höndum og vonandi gengur innleiðing jafnréttisfræðslu í skólum hraðar en leiðrétting á launamun kynjanna.

Heimildaskrá

- Agnes Ósk Snorradóttir. (2010). „Þegar ég verð stór, ætla ég að verða pollur“: Hugmyndir leikskólabarna um framtíðarstarf. Meistararitgerð í náms- og starfsráðgjöf: Háskóli Íslands, félags- og mannvísindadeild.
- Aldís Unnur Guðmundsdóttir. (2007). *Proskasálfræði: Lengi býr að fyrstu gerð*. Reykjavík: Mál og menning.
- Alþingi. (e.d.) *Women in Parliament*. Sótt 11. maí af <http://www.althingi.is/vefur/women.html>
- Andrea Hjálmsdóttir. (2007). *Eru þau með jafnréttið í farteskinu?: Viðhorf nemenda í 10. bekk til jafnréttis kynjanna*. Óbirt B.A.-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Félagsvísinda og lagadeild.
- Anna G. Ólafsdóttir. (2003, 5.október). Strákar í kreppu. *Morgunblaðið*, bls. 11.
- Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstýrur). (2005). Orðskýringar. *Kynjamyndir í skólastarfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson, Auðunn Arnórsson, Gunnar Haraldsson, Kolbeinn Stefánsson, Magnús Árni Magnússon, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Sveinn Agnarsson. (2009, október). Í Gunnar Haraldsson og Magnús Árni Magnússon (ritstjórar), *Ísland 2009: Stöðuskýrsla*. Sótt 11. maí af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/stoduskyrsla-island2009.pdf>
- Arnfríður Aðalsteinsdóttir. (2010, janúar). *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum: Skýrsla um þróunarverkefni 2008-2009*. Sótt 11. maí af http://www.jafnrettiiskolum.is/D10/_Files/Lokaskýrsla%20verkefnisins.PDF
- Atli Fannar Bjarkason. (2011, 6. apríl). Ásdís Rán selur kjóla og snyrtivörur í Búlgaríu. *Fréttablaðið*, bls. 30.
- Auður Styrkársoðttir. (2010, 7. júní). *Staða kvenna á Alþingi*. Erindi um konur á Alþingi, flutt á Vestnorrænni kvennaráðstefnu. Sótt 11. maí 2011 af http://www.althingi.is/radstefnur/vestnorraenakvennaradstefnan/04_AS.pdf
- Ásdís Rán. (2011, 1. mars). Dr. Ottó um BOTOX. *Bleikt.is: Vefur fyrir drottningar*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www.bleikt.is/AsdisRan/Lesagrein/drottoumbotox/>
- Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna og Námsgagnastofnun. (2007). *Allir eiga rétt: Sjálfsmynd og staðalímyndir*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www1.nams.is/unicef/kafla.php?id=150>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2005). Er grunnskólinn kvenlæg stofnun? *Kynjamyndir í skólastarfi*. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstýrur). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

- Blaise, M. (2005). *Playing it Straight: Uncovered Gender Discourses in Early Childhood Classroom*. Routledge: Great Britain
- Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. (1997). *Uppruni nútímans: Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830*. Reykjavík: Mál og menning.
- Bryman, A. og Bell, E. (2007). *Business research methods* (2. útgáfa). New York: Oxford University Press.
- DeLoache, J. S. Simcock, G. og Macari, S. (2007). Planes, Trains, Automobiles—and Tea Sets: Extremely Intense Interests in Very Young Children. *Developmental Psychology*, 43 (6), bls. 1579 –1586. DOI: 10.1037/0012-1649.43.6.1579
- Einar Mar Þórðarsson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Dr. Friðrik H. Jónsson. (2008). *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*. Sótt 11. maí 2011 af http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Kynbundinn%20launamunur.PDF
- Einschlag, Nathan. (janúar, 2007). Leaving the Team, Becoming a Man. *Voice Male*, 14-15. Sótt 11. maí 2011 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1223148451&Fmt=3&clientId=58040&RQT=309&VName=PQD>
- Erla Þórðardóttir. (1985). Félagslegar aðstæður kvenna. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri), *Konur hvað nú?* (bls 117-148). Reykjavík: 85´-nefndin, samstarfsnefnd í lok kvennaáratugar S.Þ. og jafnréttisráð.
- Finnborg Salóme Steinþórsdóttir. (2011, 18. janúar). Dúkkuleikur eða barnaklám? *Vefritið: Mál gagn ungs félagshyggjufólks*. Sótt 11. maí 2011 af <http://vefritid.is/greinasafn/dukkuleikur-e%C3%B0a-barnaklam/>
- Gottfredson, L. S. (2002). Gottfredson's Theory of Circumscription, Compromise, and Self-Creation. Í D. Brown (ritstjóri). *Career Choice and Development, Fourth Edition* (bls. 85-148). San Francisco: Jossey-Bass.
- Guðrún Guðmundsdóttir. (1985). Atvinna og laun kvenna. Í Jónína M. Guðnadóttir (ritstjóri), *Konur hvað nú?* (bls. 77-116). Reykjavík: 85-nefndin, samstarfsnefnd í lok kvennaáratugar S.Þ. og jafnréttisráð.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2005, mars). Kynjaskiptin vinnumarkaðarins á sér rætur í hugsun um störf. *Skólavarðan: Mál gagn Kennarasambands Íslands*, 2.tbl. 5.árgangur, bls. 8-9.
- Guðný Guðbjörnsdóttir (1994) „Strákar og stelpur í takt við tímann“: Mat á áhrifum þróunarverkefnis á viðhorf skólabarna til jafnstöðu kynjanna. *Uppeldi og menntun*, 3, 29–52.
- Gyða Margrét Pálsdóttir. (2008). Within the socially desirable aura of gender equality - Division of domestic labour and child care. Í Gunnar Þór Jóhannsson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 213-223). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir. (2000). *Jafnréttishandbókin*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hagstofa Íslands. (2011a). *Atvinnuþáttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003-2010*. Sótt 11. maí af <http://www.hagstofa.is/?PageID=637&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01001%26ti=Atvinnu%FE%E1ttaka%2C+atvinnuleysi%2C+vinnut%EDmi+og+fj%F6ldi+starfandi+eftir+%E1rsfj%F3r%F0ungum+2003%2D2010+++%26path=../Database/vinumarkadur/rannsoknir/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>

Hagstofa Íslands. (2011b). *Brautskráningar á háskólastigi og doktorsstigi eftir sviði, prófgráðu og kyni 1995-2009*. Sótt 11. maí 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=783&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO04205%26ti=Brautskr%E1ningar+%E1+h%E1sk%F3lastigi+og+doktorsstigi+eftir+svi%F0i%2C+pr%F3fgr%E1%F0u+og+kyni+1995%2D2009%26path=../Database/skolamal/hsProf/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2011c). *Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru 1998-2010*. Sótt 11. maí 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=780&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01001%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+eftir+aldri+barna+og+lengd+vi%F0veru+1998%2D2010+++%26path=../Database/skolamal/lsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2011d). *Börn og leikskólar í desember 1998-2010*. Sótt 11. maí 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=780&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01000%26ti=B%F6rn+og+leiksk%F3lar+%ED+desember+1998%2D2010+++++++%26path=../Database/skolamal/lsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2011e). *Laun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt og kyni 1998-2010*. Sótt 11. maí 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=634&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN02010%26ti=Laun+fullvinnandi+launamanna+%E1+almennum+vinnumarka%F0i+eftir+starfsst%E9tt+og+kyni+1998%2D2010+++++++%26path=../Database/vinumarkadur/fulllaun/%26lang=3%26units=%DE%FAsundir%20kr%F3na>

Hagstofa Íslands. (2011f). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841-2011*. Sótt 11. maí 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00101%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni+og+aldri+1841%2D2011+++++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2011g). *Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum eftir námsbraut og kyni 2007-2010*. Sótt 11. maí af <http://hagstofa.is/?PageID=1665&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO00001%26ti=Skkr%E1%F0ir+nemendur+%ED+framhalds%2D+og+h%E1sk%F3lum+eftir+n%E1msbraut+og+kyni++2007%2D2010%26path=../Database/skolamal/yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Harriger, J. A., Calogero, R. M., Witherington, D. C. og Smith, J. E. (2010). Body Size Stereotyping and Internalization of the Thin Ideal in Preschool Girls. *Sex Roles: A Journal of Research*, 63, bls. 609–620. DOI 10.1007/s11199-010-9868-1

- Hausmann, R., Tyson, L. D. og Zahidi, S. (2010). *World Economic Forum: The Global Gender Gap Report*. Sótt 11. maí 2011 af http://www3.weforum.org/docs/WEF_GenderGap_Report_2010.pdf
- Háskólinn á Akureyri. (e.d.). Kennaradeild Háskólans á Akureyri – Námskipulag á leikskólabraut (staðnám). Sótt 11. maí 2011 af <http://www.unak.is/static/files/Kennslusvid/lsktafla.pdf>
- Háskóli Íslands. (e.d.). *LSS261 Leikskólakennarafræði, B.Ed. (Námskeið ársins 2011-2012)*. Sótt 11. maí 2011 af https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=520000_20116
- Háskóli Íslands. (2010, 15. desember). *Leikskóli án aðgreiningar*. Sótt 11. maí 2011 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=50004620120>
- Háskóli Íslands. (2011, 20. apríl). *Doktorsnámið eflist í HÍ*. Sótt 11. maí 2011 af http://www.hi.is/frettir/doktorsnamid_eflist_i_hi
- Helga Magnea Steinsson. (2001, október). *Hvað ætla þau að verða?: Áhrif tækifæra og tilviljana á starfsþroska ungs fólks*. Reykjavík: Höfundur
- Helga María Þórarinsdóttir, munnleg heimild, 19. apríl 2011.
- Hjallamiðstöðin. (e.d.). *Hjallastefnan ehf*. Sótt 22. apríl af <http://www.hjalli.is/> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Íslensk alfræðiorðabók A-G. (1990). Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstjórar). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Jafnrétti í skólum: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. (2010, 14. júní). *Fréttir / Fyrirmyndar leiðtogahefni í leikskólastarfi*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www.jafnrettiiskolum.is/jis/?D10cID=ReadNews&ID=107>
- Jafnréttisstofa. (2009, janúar). *Tölulegar upplýsingar: Hlutföll og fjöldi karla og kvenna á ýmsum sviðum samfélags*. Sótt 11. maí 2011 af http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Tölur%20hlutföll%20og%20fjölda%20karla%20og%20kvenna%202009.pdf
- Jafnréttisstofa. (2010, maí). *Tölulegar upplýsingar: Hlutföll og fjöldi karla og kvenna á ýmsum sviðum samfélags*. Sótt 11. maí 2011 af http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Tölur%202010.pdf
- Jafnréttisstofa, félags- og tryggingamálaráðuneytið o.fl. (2008). *Jafnrétti í skólum: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft*. Kynningarbæklingur verkefnis. Sótt 11. maí af http://www.jafnrettiiskolum.is/D10/_Files/Kynningarbæklingur%2017.%20septemb.PDF
- Kolbrún Halldórsdóttir. (2007). *Alþingi: Fyrirspurn*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www.althingi.is/altext/135/s/0318.html>

- Kolbrún Pálsdóttir. (2011a, 14. -16. janúar). Armbeygjur á einum fæti. *Fréttatíminn*, bls. 60.
- Kolbrún Pálsdóttir. (2011b, 1.-3. apríl). Aukið kvenhormón í strákum?. *Fréttatíminn*, bls. 50.
- Konur og karlar (2004, 11. október). *Hagtíðindi: Statistical series*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www.statice.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=909>
- Lilja S. Sigurðardóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir. 2006. *Börn eru bæði stelpur og strákar. Námsstefna um kynjanámskrá Hjallastefnunnar, Hveragerði 22.-23. október 2004*. Hafnarfirði: Hjallastefnan ehf.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 með áorðnum breytingum 162/2010.
- Lög um launajöfnuð kvenna og karla nr.60/1961.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008 með áorðnum breytingum 1.38/2009.
- Margrét Guðmundsdóttir. (2010). *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*. Reykjavík: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (2000). *Gengi Hjallabarna í grunnskóla: Hefur kynjaskipt leikskólataf áhrif á færni, líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið? Óbirt meistaraprófsverkefni í uppeldis- og kennslufræðum: Kennaraháskóli Íslands*.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (1998). Kynjaskipting á leikskólanum „Hjalla“. Í A.L. Arnesen, Sigríður Jónsdóttir, E.S. Hultinger, T. Klemp, B. T. Frederiksen og H. Lönn (ritstjórar). *Líkt og Ólíkt: kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi* (bls. 59-72). (Ingólfur V Gíslason þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan. (Upphaflega gefið út 1998).
- Marshall, K. (2006). Converging gender roles. *Perspectives on Labour and Income*, 18(3), 7-9. 11-19. Sótt 11. maí 2011 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=3&did=1144465381&SrchMode=1&sid=8&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1301412926&clientId=58040>
- Martin. K. A. (1998). Becoming a gendered body: Practices of preschools. *American Sociological Review*, 63(4), 494-511. Sótt 11. maí 2011 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=0&sid=1&srchmode=1&vinst=PROD&fmt=6&startpage=1&clientid=58040&vname=PQD&RQT=309&did=33208280&scaling=FULL&ts=1301495328&vtype=PQD&rqt=309&TS=1301495334&clientId=58040>
- Mbl.is. (2007, 6. desember). Aðgreining kynja með litum hófst á sjötta áratug. Sótt 11. maí 2011 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2007/12/06/adgreining_kynja_med_litum_hofst_a_sjotta_aratug/
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla 1999*. Reykjavík: Höfundur.

- Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010a). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti; Drög*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010b). *Aðalnámskrá leikskóla: Lokadrög 09.11.10*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010c). *Sameiginlegur hluti aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla: Drög*. Reykjavík: Höfundur.
- Millett, K. (2000). *Sexual Politics* (4. útgáfa). Illinois: First Illinois paperback.
- Myles, B. S., Trautman, M. L. og Schelvan, R. L. (2004). *The Hidden Curriculum: Practical Solutions for Understanding Unstated Rules in Social Situations*. Kansas: Autism Asperger Publishing Co.
- Paechter, Carrie. (2007). *Being Boys, Being Girls: Learning masculinities and femininities*. England: Hill Education
- Ritstjórn. (2011, 15. apríl). Við elskum þessa fola: Myndir vikunnar – Ragnar. *Bleikt.is: Vefur fyrir drottningar*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www.bleikt.is/lesa/videlskumthessafolamyndirvikunnarragnar>
- Santrock, J. W. (2011). *Life-Span Development: Thirteenth Edition*. New York: McGraw-Hill.
- Sif. (2011, 6. mars). Er hann hrifinn af þér? 10 punktar. *Bleikt.is: Vefur fyrir drottningar*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www.bleikt.is/Samskiptikynjanna/lesagrein/erhannhrifinnafther10punktar/>
- Sif Einarsdóttir. (2005). Kynjamunur á starfsáhuga – raunverulegur eða skekkja í áhugakönnunum?. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstýrur), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 103-123). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir. (2002). „Hinn þröngi hringur“. Umræðan um hlutverk og eðli kynjanna um aldamótin 1900. Í Erla Hulda Halldórsdóttir (ritstjóri). *2. íslenska söguþingið. Ráðstefnurit I*, (bls. 54-63). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfærðifélag Íslands, Sögufélag.
- Sóley Stefánsdóttir. (2000). Um „eðli“ kynjanna. *Vera*. 19. árgangur, 3 hefti, bls 44-48.
- Sólveig Jakobsdóttir (1999) Tölvumenning íslenskra skóla: Kynja- og aldursmunur nemenda í tölvutengdri færni, viðhorfum og notkun. *Uppeldi og menntun*, 8, 119–140.
- Sólveig Karvelsdóttir. (2005). Þau kunna mannganginn. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstýrur), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 85-101). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

- Spurt & svarað: Linda & Gunnar. *Bleikt.is: Vefur fyrir drottningar*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www.bleikt.is/Spurtsvarad/>
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Una Björk Kerúlf. (2010, 27. apríl). *Strákur í pilsu*. Sótt 11. maí 2011 af <http://www.jafnrettiiskolum.is/jis/?D10cID=ReadNews&ID=96>
- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). 'Hið vísindalega er pólitískt': Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls.200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2004). Kynbundinn launamunur: Umræðan um skýrðan og óútskýrðan launamun kynja í gagnrýnu ljósi. Í Irma Erlingsdóttir (ritstjóri), *Fléttur II: Kynjafræði – Kortlagningar*, (bls. 247-271). Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2000, 3. nóvember). Er í alvöru eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna? *Vísindavefurinn*. Sótt 11. maí 2011 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=1084>
- Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2010). Verkaskipting kynjanna fyrir og eftir bankahrun: Karlar verja meiri tíma í heimilisstörf en þeir gerðu árið 2005. *Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands, Fréttabréf nr. 10 2010*. Sótt 11. maí af http://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/696/frettabref_thjodmalastofnunar_10_2010.pdf?sequence=1
- Þórdís Þórðardóttir. (2005). Hvers vegna á kynjafræði erindi í kennaramenntun?. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstýrur), *Kynjamyndir í skólalastarfi* (bls. 33-53). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Þórdís Þórðardóttir. (2007). „...góðu karlarnir eru klárari, þeir vinna alltaf“. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 759-771). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Valgeir Örn Ragnarsson. (2010, 28. maí). *Stelpum kennt að snyrta sig*. DV sótt 11. maí 2011 af <http://www.jafnrettiiskolum.is/jis/?D10cID=ReadNews&ID=101>
- Vísnaþók barnanna, Gæsamömmubók. (1999). Böðvar Guðmundsson endurorti. Reykjavík: Setberg

